

Fólk verður að reikna dæmið á enda

• fasteignir • hús

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Miðnætursól og heitir hverir

• heilluðu gamla led zeppelin félagann
SÍÐA 30 ▶




Rómantískir netkossar

• fyrir alvöru fólk
SÍÐA 30 ▶



Njarðvík og Haukar bikarmeistarar

• úrslitaleikirnir fóru fram í gær
SÍÐA 22-23 ▶



FRÉTTA BLAÐIÐ

14. febrúar 2005 – 43. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**


MÁNUDAGUR



AFNOTAGJÖLDIN STRÍÐA GEGN EVRÓPULÖGUM Afnotagjöld Ríkisútvarpsins verða lögð niður og eru stjórnvöld þannig að bregðast við gagnrýni ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Menntamálaráðherra leggur fram frumvarp á næstunni þar sem hlutverk RÚV verður endurskilgreint. **Sjá síðu 2**

SJÁR KOMAST TIL VALDA Í ÍRAK Helsti listi sja fékk tæplega helming atkvæða í kosningu til stjórnlagabings Íraks. Þrjú stærstu listarnir fengu nær 90 prósent atkvæða. Súnniar héldu sig fjarri kjörstöðum og var kjörsókn þeirra allt niður í tvö prósent. **Sjá síðu 4**

ÓSKIR UM TUGI MILLJARÐA Í VEGAFRAMKVÆMDIR Ef orðið yrði við þeim tíu óskum um samgöngubætur sem fara hvað hæst, þyrfti ríkið að greiða til þess allt að 80 milljarða króna. Dýrust yrðu jarðgöng til Eyja. **Sjá síðu 6**



HLÝNANDI VEÐUR FRAM Á MIÐVIKUDAG. Suðvestanátt í dag, jafnvel með strekkingsvindi og rigningu sunnan og vestanlands. **Sjá síðu 4**



TUNGUMÁLANÁM OG KENNSLA Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamíðstöðvar H.I., flytur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vígðisar Finnboadóttur í stofu 101 í Lögbergi klukkan 12.15. Fyrirlesturinn nefnist „Hugmyndir nemenda um tungumálanám og kennslu.“

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	24	Íþróttir	20
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Meðalbestur dagblaða

20-40 ára

61% Fréttablaðið

37% Morgunblaðið

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

Sviknir um þúsund krónur á tímann

Áætla má að meira en fimm prósent verkamanna í byggingariðnaði á suðvesturhorninu séu útlendingar sem ekki njóta fullra réttinda. Margir þeirra fá aðeins 400-600 krónur á tímann.

ATVINNUMÁL „Ekki eru til neinar haldbærar og staðfestar tölur um útlendinga sem hér starfa ólöglega,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, „en samkvæmt könnunum sem iðnaðarmannafélagin í Reykjavík hafa verið að gera á byggingamarkaðnum eru þetta hátt í þúsund manns bara hér á suðvesturhorninu.“

Samkvæmt þessum sömu könnunum virðist sem margir þessara verkamanna séu að fá 400 til 600 krónur á tímann, sem er hátt í þúsund krónum undir almennum taxta. Þegar við bætist að þeim eru ekki greidd nein launatengd gjöld þá

blasir við að atvinnurekendur eru að hagnast um þúsund krónur á tímann á hverjum starfsmanni, sem gæti þýtt 200 milljónir á mánuði eða svo sem atvinnurekendur eru að spara sér.

„Þetta eru svimandi tölur og þetta kolskekkir alla samkeppnisstöðu á íslenskum vinnumarkaði. Þau fyrirtæki sem enn eru að burðast við að standa eðlilega að sínum málum lenda óhjákvæmilega í vandræðum.“

Á höfuðborgarsvæðinu starfa um það bil 15 til 20 þúsund manns í byggingariðnaði, þannig að ólöglegir útlendir verkamenn eru væntanlega meira en fimm prósent

af öllum þeim sem starfa í þessum geira.

„Maður hefur heyrt sögur um að þetta fólk sé geymt í lélegum húsum uppi á Kjalarnesi þar sem því er hrúgað upp við ómurlegar aðstæður,“ segir Guðmundur en vill þó taka fram að hann sjái ekkert athugasvert við að „útlendingar komi hingað að vinna ef það er gert á eðlilegum forsendum og þeir njóti hér þeirra réttinda sem þeir sannarlega eiga rétt á. Hérna eru óprúttir menn að nýta sér vesæld þessa fólks sem þeir flytja hingað og stinga síðan réttindum þess í eigin vasa. Þetta er ekkert annað en þjófnaður.“

„Hér er hópur atvinnurekenda

sem gerir orðið út á þetta,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins. „Viðbrögð stjórnvalda eru samt alveg hreint sorgleg. Þegar dregin eru fram dæmi um að verið sé að brjóta lög með mjög grófum hætti yppa menn bara óxlum og fara undan í flæmingi.“

Að sögn Sigurjóns Arnar Þórsónar, aðstoðarmanns félagsmálaráðherra, er það ekki hlutverk ráðuneytisins að fylgjast með kjörum og kaupum á vinnumarkaði. Eftirlitshlutverkið er í höndum aðila vinnumarkaðarins og þeir verða síðan að reka öll slík mál fyrir félagsdómi. **- gb**



ELDUR Í SKIPTISTÖÐ STRÆTISVAGNA Í GJÁNNI Í KÓPAVOGI Eldur kviknaði í biðstöðinni fyrir ofan Gjána í Kópavogi í gær. Hún er mikið skemmd, nánast ónýtt og var brugðið á það ráð að byrgja fyrir glugga og dyr í gærkvöldi. Ástand biðstöðvarinnar verður síðan metið í dag og tekin ákvörðun í framhaldi af því um það hvort ráðist verði í lagfæringar eða hún rífin.

Kópavogur: Biðstöð brennur

BRUNI Biðstöðin í Gjánni í Kópavogi, þar sem strætisvagnar Kópavogs hafa haft aðalskiptistöð, er svo til ónýtt eftir bruna. Eldur kviknaði í horni biðstöðvarinnar um kvöldmatarleytið í gær. Ekki er enn vitað um orsakir brunans en ólíklegt er talið að bruninn hafi stafað af eðlilegum orsökum. Málið er á frumstigi rannsóknar hjá lögreglunni í Kópavogi.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var innan við klukkustund að ráða niðurlögum eldsins, sem var ekki mikill, þrátt fyrir mikinn reyk. Brjóta þurfti glugga og rífa þak til að auðvelda slökkvistörf. Ekki er vitað til þess að fólk hafi þurft að flýja út úr biðstöðinni eftir að eldurinn kom upp. **- gb**

Taka ekki að sér öryggishlutverk

ÍRAK, AP Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, sagði samtökin ekki taka að sér friðargæslu í Írak né nokkuð annað öryggishlutverk. Samtökin gætu hjálpað Írökum við uppbyggingu landsins en það væri ólíklegt að ríki heims legðu fram nægilegan fjölda hermanna til að sinna öryggisverkefnum í landinu.

Atlantshafsbandalagið á ekki að taka að sér að vernda starfsmenn og starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Írak. Þetta sagði Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, á ráðstefnu um öryggismál og svaraði orðum bandaríska öldunga-



KOFI ANNAN OG JOSCHKA FISCHER Annan og Fischer ávörpuðu ráðstefnu í Þýskalandi um öryggismál og lýstu andstöðu við að Sameinuðu þjóðirnar og NATO tæku að sér öryggismál í Írak.

deildarþingmannsins Joseph Lieberman sem lagði þetta til.

Fischer sagðist ekki sjá gildi þess að Atlantshafsbandalagið tæki að sér verkefni í Írak umfram þjálfun íraskra hermanna og stuðning við pólska herliðið sem er þar. Hann sagði að Þjóðverjar myndu ekki reyna að koma í veg fyrir aukin umsvif bandalagsins í Írak ef önnur aðildarríki vildu auka umsvifin en sagði Þjóðverja ekki senda hermenn til Íraks.

Ellefu hið minnsta létust í árásum vígamanna í gær og þrjú bandarískir hermenn létust í bílslysi. ■

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagur

Kópavogur / Ísland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Ernst, ætlaðu að taka margar Dominos-pitsur með þér til Færeyja?

Nei, það ætla ég ekki að gera. Í Færeyjum er svo mikið skerpukjöt að það er ekki pláss fyrir pitsur.

Ernst S. Olsen fór á kostum í hlutverki Færeyings í auglýsingum fyrir Dominos-pitsur. Hann er hættur sem framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins og ætlar að flytja heim til Færeyja á næstunni.

Eldur eirði engu í 32 hæða skýjakljúfi:

Gríðarlegt eldhaf

SPÁNN. AP „Þetta er mesti eldsvoðinn í sögu borgarinnar,“ sagði Alberto Ruiz-Gallardon, borgarstjóri í Madríd, þar sem hann stóð fyrir framan Windsor-skýjakljúf-inn í miðborg Madrídar sem eyðilagðist í eldi, sem kviknaði laust fyrir miðnætti á laugardagskvöld, og brann fram eftir degi í gær.

Slökkviliðsmenn fengu ekkert við eldinn ráðið. Eldhafið var gríðarlegt og hitinn og reykurinn svo mikill að slökkviliðsmenn komust ekki inn í bygginguna til að reyna að slökkva eldinn. Nokkrar efstu hæðir byggingarinnar hrundu og sögðu slökkviliðsmenn í gær að svo gæti farið að öll byggingin myndi

hrynja. Sjö slökkviliðsmenn voru fluttir á sjúkrahús vegna reyk-eitrunar en sex þeirra fengu fljótlega að fara heim.

EKKI er vitað hvers vegna eldurinn kviknaði. Byggingin var næsta mannlús þegar eldurinn braust út og komust allir út heilir á húfi. Windsor-skýjakljúfurinn var reistur á árunum 1973 til 1979 og var eitt af kennileitum borgarinnar. Hann var 32 hæðir og 106 metrar á hæð. ■

ELDURINN EIRÐI ENGU Slökkvilið fékk ekkert við eldinn ráðið. Eldurinn logaði á flestum hæðum byggingarinnar eins og sjá má á þessum myndum.



Maður handtekinn: Í stolnum lög-reglubúningi

LÖGREGLUMÁL Maður nokkur var handtekinn í stolnum lög-reglubúningi rétt fyrir klukkan fimm í fyrrinótt. Búningnum sagðist hann hafa stolið á búningalager í Þjóðleikhúsinu.

„Hann var að áreita fólk á Laugaveginum og hljóp svo í burtu. Við náðum honum á Hverfisgötunni og hann fékk að prófa allan löggupakkann, bæði löggubúlinn, fangageymsluna og rannsóknardeildina,“ sagði lögreglumaður sem Fréttablaðið ræddi við í gær.

Maðurinn verður væntanlega ákærður bæði fyrir óspektir á almannafæri og þjófnað auk þess sem það varðar sekt að nota lög-reglubúning opinberlega án þess að hafa til þess heimild. - gb

Ölvunarakstur: Ók á gröfu

LÖGREGLUMÁL Fjórir menn voru handteknir fyrir ölvunarakstur í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Einn þeirra var akandi á gröfu á Hverfisgötunni.

Þá var kona slegin með flösku í höfuðið skammt frá skemmtistaðnum Nelly's í Bankastræti rétt fyrir klukkan fimm.

Einnig var ekið á mann í Lækjargötu og var hann fluttur á slysa-deild með eymsli í öxl og á baki. Hann hafði anað út á götuna án þess að huga neitt að umferðinni. - gb



SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR: „Ef RÚV fer á fjárlög er það þar með komið á beinan hátt undir ríkisvaldið.“

Svanfríður Jónasdóttir:

Ekki rætt

RÍKISÚTVARPIÐ „Það skiptir verulegu máli fyrir eðli Ríkisútvarpsins hvort það sé á fjárlögum eða ekki. Ef RÚV fer á fjárlög er það þar með komið á beinan hátt undir ríkisvaldið og ekki ljóst hvernig tryggja megi að RÚV fái það frelsi sem það þarf,“ segir Svanfríður Jónasdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í útvarpsráði.

„Það kemur á óvart að ráðherra skýri frá þessum fyrirætlunum á þessum tímamarki því enn er verið að vinna að undirbúningi frumvarpsins. Það er vont að enginn veit hvað er að gerast með smíði frumvarpsins og hverjir þá eru sem standa að baki því. Þetta hefur ekki verið rætt í útvarpsráði og er ekki á dagskrá,“ segir hún. - sda



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Á RÍKISSTJÓRNARFUNDI.

Menntamálaráðherra segir það aðalatriði að skilið sé á milli almannaþjónustuhlutverks RÚV og þjónustu á samkeppnisgrundvelli og skilgreina í hverju almannaþjónustuhlutverkið felst.

Afnotagjöldin stríða gegn evrópulögum

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins verða lögð niður og eru stjórnvöld þannig að bregðast við gagnrýni ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Menntamálaráðherra leggur fram frumvarp á næstunni þar sem hlutverk RÚV verður endurskilgreint.

RÍKISÚTVARPIÐ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mun á næstu fjórum vikum leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið þar sem lagt er til að afnotagjöld verði afnumin. Með frumvarpinu er brugðist við gagnrýni ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, sem rannsakað hefur málefni Ríkisútvarpsins frá því í maí í fyrra. Ástæða þótti til að kanna hvort RÚV hafi rétt á að innheimta skylduáskriftargjöld og fá um leið rekstrarfé af auglýsingatekjum. Einnig þótti ástæða til að kanna hvort ríkisstyrkjum til Ríkisútvarpsins sé varið á lögmatan hátt og í samræmi við skyldur Ríkisútvarpsins.

„ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, er að fara yfir málefni Ríkisútvarpsins og almannaþjónustuhlutverk þess. Við þurfum að leggja frumvarpið fram á því formi að það standist kröfur ESA. Ýmislegt fleira kemur inn í þetta en einungis afnotagjöld,“ segir Þorgerður Katrín aðspurð.

Eitt af því sem ESA hefur verið að skoða er hvort flokka eigi afnotagjöld RÚV sem ríkisstyrk. ESA hefur bent á að svo réttlæta megi ríkisstyrki til almenningsútvarps verði það að vera ljóst hverjar skyldur þess eru. Þá verði að vera skýr skil milli kostnaðar almenningsútvarpsins við að uppfylla þessar skyldur og annars kostnaðar, svo sem vegna dagskrárgerðar sem ekki má flokka undir þessar skyldur. Enn fremur skuli ríkisstyrkir til almenningsútvarpsins vera í réttu hlutfalli við kostnað vegna þessara skyldna.

„Aðalatriðið er að skilið sé á milli almannaþjónustuhlutverks RÚV og þjónustu á samkeppnisgrundvelli og skilgreina í hverju

almannaþjónustuhlutverkið felst. Við erum að skerpa á hlutverki RÚV og skilgreina nákvæmlega hvað falli þar undir,“ segir Þorgerður.

Hún segist vongóð um að sátt verði um breytingarnar sem frumvarpið felur í sér. Aðspurð segir hún að ekki hafi enn verið ákveðið hvenær afnotagjöldin verði felld úr gildi, hvort það verði strax eða eftir nokkur ár.

Þorgerður segir að farið hafi verið yfir nokkrar leiðir til þess að sjá stofnuninni fyrir rekstrarfé í stað afnotagjaldanna og verið sé að meta hvað sé heppilegast, annars vegar fyrir RÚV og hins vegar fyrir fólkið í landinu. Hún nefnir nefskatt eða fjárlög sem hugsanlegan möguleika, en einnig hafi verið rætt um að nýta megi persónuafsláttinn.

sda@frettabladid.is



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON:

„Ég hef viljað trúa því í lengstu lög að ef eitthvað væri mönnum sæmilega heilagt væru það málefni Ríkisútvarpsins.“

Steingrímur J. Sigfússon:

Vill fara varlega

RÍKISÚTVARPIÐ Við höfum viljað fara varlega í þessum efnunum og ekki viljað fara út í neinn glannaskap með Ríkisútvarpið. Ég vil sjá betur hvað eigi að taka við og hvernig það verði útfært áður en RÚV sleppur frá þessum tryggja tekjustofni.

Annars er mjög sérkennilegt hvernig að þessu er staðið – að boða þetta allt í einu, hálfkarað í einhverju uppsláttarviðtali í fjölmiðlum. Ég hef viljað trúa því í lengstu lög að ef eitthvað væri mönnum sæmilega heilagt væru það málefni Ríkisútvarpsins og að menn vönduðu sig og reyndu að ná sem mestri samstöðu. Ég er ekki viss um að þetta sé rétt leið til þess. - sda



GUÐJÓN ARNAR KRISTINSSON

Formaður Frjálslynda flokksins sem lagt hefur fram þingsályktunartillögu um Ríkisútvarpið

Frjálslyndi flokkurinn:

Afnotagjöld óviðunandi

RÍKISÚTVARPIÐ Í þingsályktunartillögu Frjálslynda flokksins sem nú er til umræðu á Alþingi segir að núverandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum sé óviðunandi. „Rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni mögðjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breytingu að koma til. Ekki verður séð að önnur laus sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.“ - sda

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson:

Samþykktur niðurfellingu

RÍKISÚTVARPIÐ Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins er mjög hlynntur því að afnema afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Aðspurður segist hann ekki telja að afnám afnotagjalda rýri starfsemi RÚV til lengri tíma. „Það verður að finna aðrar leiðir til að útvega stofnuninni fé. Þjóðirnar í kringum okkur nota ýmsar aðrar leiðir sem eru heppilegri en afnotagjöld,“ segir hann.

Hann bendir á að rökin gegn því að afnema afnotagjöld, sem sumir innan stofnunarinnar hafi haldið fram, séu þau að RÚV muni missa ákveðið sjálfstæði. „Stofnunin er þó með sama hætti háð opinberum tekjum nú – það er, hið opinbera ákveður hver fjárhæð afnotagjaldanna eigi að vera. Það er dýrt að innheimta afnotagjöld og stofnunin getur jafnframt hætt þessari ógeðfelli tækjaleit sinni sem hún hefur þurft að stunda,“ segir hann. - sda



GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON:

„Stofnunin getur jafnframt hætt þessari ógeðfelli tækjaleit sinni sem hún hefur þurft að stunda.“

· Û ÅFF · 3 ´ E= ;>; ´ ~

HwÁgdVWdSÁ h[Á ¼Y â Xb` e] g d[híVg` ` [1

· SÁ W Xff eW \SX Sef â h[Á ¼SÁ SÁ ^afS WYdS
a dWS h[Á e]ž

· ø Yª f[dhWÁ â VÁ í ¼YYS VSYS WYgdWÁ ¼Sd
eW efS` SÁ hwÁgd h[Á ¼Y Xb _ adY [f[^] hóVež
· a Y[V[hWAS í Xdb_ [- S` V[feTSÁI VSYWf
`gVW ¼dèffS _ âfiÁ â ZhWg]hóV[SÁYS` YgdSÁ
ZWeg[V ZòfW[e aY TíS`WYgTí`ž

F[^SÁ WYS] aef â SÁ h[` S ¼WeS WÁ ¼SdKg SÁW e
SÁ e] dā ¼Y í Z[` ` üS 6Wgd ½TT ? SefW5SdV
aY `afS ? SefW5SdV]ad[Á ¼ff â fi_ ST[g
#ž XWbSdž%#ž_ Sc \$" ' ' ž · hí aXSdeW ¼ø `afSd
]ad[Á ¼We _ W[h[` [Ye[] gž

E] dā [Y í 6Wgd ½TT ? SefW5SdV XWXS_ â hW
a]]Sd i i i ž dW[f] adfžež



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 11.02.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	62,64	62,94
	Sterlingspund GBP	116,93	117,49
	Evra EUR	80,54	81,00
	Dönsk króna DKK	10,82	10,89
	Norsk króna NOK	9,56	9,62
	Sænsk króna SEK	8,86	8,91
	Japanskt jen JPY	0,59	0,60
	SDR XDR	94,36	94,92

Gengisvísitala krónunnar
111,02 -0,25%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum friðað: Breytir Landsvirkjun engu

VIRKJANIR „Þetta svæði hefur aldrei verið inni á okkar áætlunum og því breytir þessi niðurstaða alls engu hvað Landsvirkjun varðar,“ segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, vegna yfirlýsinga Sigríðar Önnu Þórðardóttur að ekki verði hreyft við vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og öll virkjunaráform þar því útilokuð.

Friðrik segir þetta ekki hafa komið á óvart enda verið vitað um allan tíma en Landsvirkjun hefur aldrei síðan hann hóf þar störf haft augastað á virkjunum á umræddu svæði. „Þessi umræða um virkjunaráform þar eru ekki frá okkur komin og ég man

ekki til þess að rætt hafi verið um þennan kost á fundum hér innan-dyra.“

Sem kunnugt er, eru margar náttúruþerur á svæðinu og þar á meðal vatnsmesti foss Evrópu, Dettifoss, en nú þarf ekki lengur að óttast að hann hverfi sjónum manna þrátt fyrir mikla virkjunarmöguleika. ■

FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR
Endanlega hefur verið tekið fyrir að virkjað verði á vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum en Friðrik Sophusson segir það engu breyta fyrir Landsvirkjun enda aldrei staðið til að virkja þar.



Ísraelsstjórn: Óttast árásir öfgamanna

ÍSRAEL, AP Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, fyrirskipaði lög-reglu að taka á öfgasinnuðum ísraelskum andstæðingum samninga við Palestínunum af hörku eftir að þeir fóru að hótta því að ráðast á ráðherra Ísraelsstjórnar.

Ráðherrar sögðu andrúmsloftið í Ísrael svipað því sem var árið 1995 þegar ísraelskur öfgamaður myrti Yitzhak Rabin forsætisráðherra.

Ísraelska stjórnin samþykkti lista með nöfnum 500 Palestínunna sem verður sleppt úr fangelsi á næstu dögum og leyfði nokkur hundruð palestínskum verkamönnum að snúa aftur til starfa í Ísrael. ■



BLAIR Á FLOKKSÞINGI

Tony Blair þykir næsta öruggur um sigur í kosningum sem búið er við að verði haldnar í maí.

Milburn um Blair:

Evrucosning ræður sköpum

BRETLAND Tony Blair getur varla verið forsætisráðherra áfram ef Bretar greiða atkvæði gegn evrunni í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta sagði Alan Milburn, ráðherra í ríkisstjórn Blair og stjórnandi kosningabaráttu Verkamannaflokksins, í viðtali við The Sunday Times.

Milburn gaf til kynna að Blair myndi segja af sér ef Bretar felldu það í atkvæðagreiðslu að taka upp evruna en vildi engu slá föstu, ekki heldur því að hann kláraði næsta kjörtímabil ef hann hefði sigur í atkvæðagreiðslunni. Kannanir sýna að meirihluti Breta sé andvígur upptöku evrunnar. ■

EVRÓPA

FIMM FÓRUST Fimm menn létust þegar snjóflóð féll á þá þar sem þeir voru í fjallaklifri á grískum skíðastað. Mennirnir voru í hóp 28 félaga klifurhóps frá Aþenu. Aðrir í hópnum sluppu með smávægileg meiðsli.

Sjjar komast til valda í Írak

Helsti listi sjá fékk tæplega helming atkvæða í kosningu til stjórnlagabings Íraks. Þrjú stærstu listarnir fengu nær 90 prósent atkvæða. Súnníar héldu sig fjarri kjörstöðum og var kjörsókn þeirra allt niður í tvö prósent.

ÍRAK, AP Þrjú framboð súnní-múslima og Kúrda fengu nær ný af hverjum tíu greiddum atkvæðum í kosningunum til stjórnlagabings Íraks sem fram fóru undir lok síðasta mánaðar. Sameinaða íraska bandalagið, listinn sem var settur saman að frumkvæði hins áhrifamikla sjáklersks Ali al-Sistani, fékk nær helming atkvæða og er langstærstur allra framboða.

„Okkur ber skylda til þess að vinna saman í þágu landsmanna,“ sagði Ibrahim al-Jaafari, núverandi varaforsætisráðherra og hugsanlegur frambjóðandi til forsætisráðherra eftir að tilkynnt var um úrslitin í gær. Stjórnlagabingjóð kys forseta og tvo varaforsætisráðherra sem útnefna forsætisráðherra



HLUSTAD Á FRÉTTIR

Úrslita kosninganna sem fram fóru undir lok síðasta mánaðar var beðið með mikilli eftirvæntingu.

ríkisstjórnar sem stýrir landinu fram að þingkosningum á grundvelli nýrrar stjórnarskrár.

Fyrirfram var búið við því að Sameinaða íraska bandalagið myndi fá flest atkvæði og kemur jafnvel helst á óvart að sigur bandalagsins var ekki stærri. Bandalagið þarf því að semja við Kúrdíska bandalagið og Lista Íraka, flokk Iyad Allawi forsætisráðherra, um val á forsætisnefnd og forsætisráðherra.

Úrslit kosninganna þýða að sjá-múslimar komast til valda í Írak í fyrsta sinn í sögu landsins. Þó þeir telji 60 prósent landsmanna hafa súnní-múslimar, sem eru um 20 prósent landsmanna, lengst af farið með völd í Írak.

Kjörsókn meðal súnní-múslima

var mjög lítil, hvort tveggja vegna þess að leiðtogar þeirra höfðu kvatt þá til að hunsast kosningarnar og vegna ótta þeirra við árásir á kjörstaði. Í Salahadin-héraði þar sem súnníar eru fjölmennastir var kjörsókn aðeins 29 prósent. Hún var enn þá minni í Anbar-héraði þar sem einungis tvö prósent atkvæðabærra manna skiluðu sér á kjörstað.

Þessi laka kjörsókn er talin ein helsta ógnin við stjórnlagabingjóð. Fáir súnní-múslimar ekki aðkomu að því umfram það sem kosningaúrslitin tryggja þeim er óttast að öldin í landinu kunni að versna enn.

111 listar voru í framboði en aðeins tólf þeirra fá sæti á stjórnlagabingjóð. ■

ATKVÆÐAMAGN HELSTU HREYFINGA

Sameinaða íraska bandalagið	4.075.295
Kúrdíska bandalagið	2.175.551
Íraski listinn	1.168.943
Flokkur Íraka	150.680

FRAM UNÐAN

- Framboð hafa þrjú daga til að kæra úrslitin.
- Helsta verkefni stjórnlagabingsins verður að semja stjórnarskrá fyrir Írak. Að auki velur það þrjú manna forsætisnefnd sem velur forsætisráðherra.
- Þjóðaratkvæðagreiðsla um nýja stjórnarskrá á að fara fram ekki síðar en 15. október. Verði hún samþykkt verður kosið samkvæmt henni, annars verður nýtt stjórnlagabingjóð kosið.



ALNÆMISSJÚKLINGUR

Nýtt afbrigði af þessum illræmda sjúkdóm hefur fundist í Bandaríkjunum og valdið hræðslu meðal heilbrigðisstarfsmanna.

Alnæmi:

Ótti við nýtt afbrigði

BANDARÍKIN Nýtt afbrigði af hinni illræmdu alnæmisveiru hefur skotið upp kollinum í New York í Bandaríkjunum og valdið mikilli hræðslu meðal heilbrigðisstarfsmanna þar þrátt fyrir að aðeins einn maður hafi verið greindur hingað til. Er þetta nýja afbrigði ónæmt fyrir nánast öllum þeim lyfjum sem gagnast hafa hingað til og er skæðari en gamla veiran að því leyti að fórnarlambið veikt mun fyrr en áður hefur þekkt. Hafa heilbrigðisfyrirvöld beint þeim tilmælum til heilbrigðisstarfsfólks að fara varlega og rannsaka alla nýja sjúklinga sem leita sér aðstoðar. ■

Kynsjúkdómar eldra fólks:

Ómeðvitað um hættuna

BRETLAND Miðaldra fólk er ekki nægilega vel meðvitað um þá hættu sem því stafar af kynsjúkdómum að því er fram kemur í breska blaðinu The Times. Þeim fjölgar sem sýkjast af kynsjúkdómum á aldrinum 45 til 64 ára, einkum klamidíu, herpes, vörtum og lekanda.


Í nýrri bók um kynlíf kvenna á breytingaskeiðinu segir að þær kunni að eiga frekar á hættu að smitast af kynsjúkdómi en yngri konur þar sem ónæmiskerfinu hnigni með aldrinum. ■

Veðrið


Hlýnar í dag.

Það má reikna með suðvestanátt á landinu í dag, jafnvel með strekkingsvindi vestanlands en eitthvað hægari eystra. Það hlýnar hressilega, hitinn ætti að ná 8 stigum í dag og verður væntanlega frostlaust á landinu undir kvöldi. Það verður skúra-veður sunnan- og vestanlands og bætir heldur í rigninguna þegar liður á daginn. Annars staðar verður skýjað með köflum og yfirleitt þurr. Morgundagurinn er nokkuð hvass og svo hlýnar á miðvikudaginn.


Í dag



Á morgun



Miðvikudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	3°C skýjað	London	7°C sk.m.köflum	Róm	12°C rigning
Oslo	-1°C skýjað	Glasgow	8°C sk.m.köflum	Barcelona	12°C sk.m.köflum
Stokkholmur	-2°C skýjað	Paris	7°C rigning	Madrid	11°C léttskýjað
Helsinki	-5°C skýjað	Frankfurt	4°C léttskýjað	Las Palmas	19°C sk.m.köflum

Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búið er við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Fiskbúðin
VEGAMÓT

Glæný Ýsuflök
Hrogn og Lifur
Nýr Rauðmagi

FISKBÚÐIN VEGAMÓT
NESVEGUR 100 / 170 SELTJARNARNES
ARNARBAKKA 4-6 / BREIÐHOLTÍ
WWW.FISKBUDIN.IS



Fermingargarúm frá RB



Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur

Við framleiðslu á dýnunum eru notaðar lokaðar fjaðrir sem koma í veg fyrir að klæðning dýnunnar skemmist við áralanga notkun. Algengur endingartími RB springdýna er tólf til sextán ár.



Allt eftir þínum óskum

Rétt lengd, breidd og hæð rúmsins eykur þægindin. Stífleiki springdýnunnar fer einnig eftir þínum óskum. Látið fagfólk leysa vandann.



5.000 kr.

Fermingargjöf sem innborgun á rúmi



Mikið úrval af sængurfatnaði



RAGNAR BJÖRNSSÓN ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Dalshrauni 8

220 Hafnarfirði

Sími: 555 03 97

Fax: 565 17 40

www.rbrum.is

Opið á laugardögum kl. 10-14



KJÖRKASSINN

Kannt þú skyndihjálpi?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://www.visir.is)

Já	70%
Nei	30%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fella niður afnotagjöld RÚV?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://www.visir.is) og segðu þína skoðun



Hafnarfjörður:

Málning á gólf og veggi

LÖGREGLUMÁL Skemmdarverk voru unnin á Skátaheimilinu í Hafnarfirði snemma í gærmorgun. Nokkrir menn ruddust inn í húsið og sprautuðu málningu á gólf og veggi.

Skátaheimilið er að hluta til notað sem gistiheimili þar sem fólk leigir herbergi til íbúðar. Enginn leigjandi er grunaður um verknadinn en lögregla er með málið í rannsókn.

- gb

LÖGREGLUFRETTIR

HNÍFSTUNGA Kona stakk samþýlismann sinn í kvíðinn í átökum á heimili í Breiðholti í gærmorgun. Maðurinn var fluttur á slyssadeild með tveggja sentimetra djúpan skurð, en mun ekki hafa meidd alvarlega.

HEILAHRISTINGUR Á Ísafirði var maður fluttur á sjúkrahús í fyrri nótt með heilahristing eftir slagsmál við annan mann úti á götu. Báðir hafa lagt fram kærur.

MIÐ-AUSTURLÖND

REKIÐ MEÐ HAGNAÐI Air Arabia, fyrsta lágfargjaldaflugfélagið sem sett var á fót í Mið-Austurlöndum, var rekið með hagnaði í fyrri, fyrsta heila árið sem það starfaði. Niðurstaðan er umfram væntingar því búist var við taprekstri fyrsta árið.

Grunnnet Landssímans:

Meginhlutar kostnaðargreindir

FJARSKIPTI Ekki er til nein skýring á grunnneti Landssímans, hvorki almenn né í lögum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert tilraun til að útskýra hvað sé innifalið í grunnnetinu, meðal annars þar sem stofnunin ákveður heildsöluverð fyrir aðgang að því.

Eftir því sem Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir er það þrennt sem telja má til meginhluta grunnnets; heimtaugar, fastasambönd eins og ljósleiðarar og aðstaða fyrir hýsingu fjarskiptabúnaðar, eins og símsstöðvarhús. Stofnunin lítur ekki svo á að ADSL-búnaður

sé hluti af grunnnetinu. Til að ákvarða heildsöluverð, hefur farið fram kostnaðargreining á leigulínum og farið yfir hýsingarkostnað.

Hrafnkell segir einnig að þegar litið er til ADSL-markaðarins hér á landi, þá gildi hér sama fjarskiptalöggjöf og í Evrópu en mun betri árangur hafi náðst á samkeppnismarkaði en í öðrum Evrópulöndum. Hér séu 44 prósent notenda tengdir hjá samkeppnisaðilum Símans, sem er hærra hlutfall en í öðrum Evrópulöndum. Það þýði þó ekki að Ög-Vodafone eða Síminn hafi ekki á stundum haft ástæðu til að kvarta.

- ss



ÚTVARPSMASTUR TELST TIL GRUNNETS SÍMANS

Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir meiri samkeppni á ADSL-markaði hér en annars staðar í Evrópu.

Óskir um tugi milljarða í vegaframkvæmdir

Ef orðið yrði við þeim tíu óskum um samgöngubætur sem fara hvað hæst, þyrfti ríkið að greiða til þess allt að 80 milljarða króna. Dýrust yrðu jarðgöng til Eyja.

SAMGÖNGUR Ef Sturla Böðvarsson samgönguráðherra tæki jafn vel undir sjónarmið annarra í landinu og hann gerði þegar hann ákvað að flýta frekari tvöföldun Reykjanesbrautarinnar þyrfti ríkið að reiða fram um 80 milljarða í þær vegabætur sem hæst hefur verið talað um síðustu misseri.

Sé gróflega tekinn saman sá kostnaður sem til kæmi ef þrýstingur annarra hagsmunahópa um landið fengi jafn blíðar mótökur hjá samgönguráðherra og ríkinu má gera því skóna að um 80 milljarða króna þyrfti til. Er þá um að ræða tíu til tólf verkefni sem kallað hefur verið ítrekað á hin síðari ár og eru hin ýmsu jarðgöng þar frekust til fjárins.

Jarðgöng til Eyja eru áberandi dýrasti kosturinn en hafa ber í huga að menn deilir mjög á um raunverulegan kostnað við þau. Mörg vafaatriði eru enn til staðar



NOKKUR AF STÆRSTU BARTUMÁLUM ÍSLENDINGA Í SAMGÖNGUMÁLUM

Project Name	Estimated Cost (Milljarða króna)
Jarðgöng til Eyja	20 - 33
Sundabrautin	8 - 9
Norðurvegur (hálandisvegur)	5 - 7
Hálendisvegur um Kjöl	9
Héðinsfjarðargöng (Siglufjörður - Ólafsfjörður)	5.6
Reykjanesbrautin (tvöföldun alla leið)	4 - 5
Preföldun Suðurlandsvegar	700 milljónir
Norðurfjarðargöng (Seyðisfjörður - Eskifjörður)	6
Hellisheiði eystri	4 - 5
Pverun Vestfjarða (Þorska - Gufu- og Djúpaþfjarðar)	1.6

* hafa ber í huga að kostnaðartölur eru gróflega áætlaðar í flestum tilvikum og einkafyrirtæki koma eða gætu komið að einhverjum þessara framkvæmda þegar fram líða stundir.

adeins í orði eins og sakir standa en telja verður að taka verði tillit til Vopnfirðinga og kröfu þeirra um göng um Hellisheiði eystri

innan ekki mjög langs tíma. Sama gildir um Norðurfjarðargöng sem styrkja munu byggðir fyrir austan land.

albert@frettabladid.is

en ganga verður út frá því að útreikningar Vegagerðarinnar séu nærri lagi enda fáir aðrir sem hafa jafn ítarlega reynslu af slíkum verkefnum. Þeir tveir hálandisvegir sem uppi eru á borðum eru einnig fjárfrekir. Norðurvegur er reyndar einkaframkvæmd en ólíklegt er annað en ríkið komi eitthvað að fjármögnun verði hann að veruleika. Hinn kosturinn er að byggja upp góðan heilsársveg um Kjöl og er áætlað að slíkt muni kosta ríkið um níu milljarða króna.

Sumir kostirnir eru reyndar

Kofar á lóð rússneska sendiráðsins:

Grenndarkynning barst alltof seint

SKIPULAGSMÁL Nágrannar rússneska sendiráðsins við Garðastræti 35 eru margir hverjir ósáttir við þá sjónmengun sem stafar af timburkofum sem hafa verið þar í byggingu undanfarið eitt og hálf t.ár.

Fyrir jólnin barst nokkrum nágrennum svokölluð grenndarkynning vegna byggingar kofanna en samkvæmt reglum á að senda út slíka kynningu áður en framkvæmdir hefjast. Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrennum fyrirhugaða framkvæmd eða deiliskipulagsbreytingu skriflega og gefur þeim kost á að tjá sig um málið innan ákveðins frests sem má ekki vera skemmri en fjórar vikur.

Grenndarkynningin barst þó að þessu sinni ekki fyrr en einu og hálfu síðar en bygging hófst.

„Ég hringdi og gerði athugasemd til að undirstrika að allur framgangur í málinu hefur verið hlægilegur af hálfu Skipulagsstofnunar,“ segir Rúðolf Adolffson, nágrenni sendiráðsins. „Ég er þó ekki að kvarta yfir nábylinu við Rússana, það má ekki túlka það svo. En ég veit ekki fyrir hvern þessi kynning var. Ætli þetta hafi bara ekki verið skrifræðisbákníð að sinna sínum skyldum,“ segir Rúðolf. Bætur hann því við að miðað við vinnulagið til þessa sé talsvert langt í að bygging skúranna klárast.



RÚSSNESKA SENDIRÁÐIÐ

Nágrannar sendiráðsins eru margir hverjir ósáttir við kofa sem hafa verið í byggingu á lóð þess.

- fb

Bandaríkjaferðir á frábæru verði



Netsmellur til USA

Verð frá 36.900 kr.*

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald

Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Citroën C2 VTS 5 gíra 1,6 125 hö*

KYNNINGARVERÐ = 1.634.000 kr.

LEIGA = 29.900 kr.

LÁN = 21.614 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
163.400 ÚT



Komdu strax.
Citroën C2 VTS er
á kynningarverði
í febrúar.

Ævintýrlega auðvelt

@21.614

► Lítill en rúmgóður, stuttur en hávaxinn, einfaldur en tækni væddur, praktískur og skemmtilegur. Þetta er C2 - stóri smábíllinn frá Citroën. Hann er bæði fyrir unga fólk og þá sem loksins hafa öðlast tíma fyrir sjálfa sig. Þú kemst á bragðið um leið og þú sest inn.

Þrátt fyrir ríkulegan öryggis- og staðalbúnað í bíl í þessum verð- og stærðarflokki tókst Citroën hið óframkvæmanlega: Að búa til stóran en léttan smábíl. Það er erfitt að finna jafn hagkvæman bíl: Kraftmikill en lægri tryggingar, lægri bifreiðagjöld. Citroën C2 er fyrir unga sem aldna.

Þú velur um þrjár hressar og skemmtilegar vélar, allt að 125 hestöflum. Þú velur þá sem hentar þér

best. Brot af staðalbúnaði C2: ABS hemlakerfi með EBA neyðarhemlunarbúnaði, aksturstólva með eyðslutölum, fjarstýrður geislaspilari, 6 hátalarar og hraðanæmur hljóðstyrkur, 4 öryggispúðar, rafstýrðir útspeglar, stillanlegur hiti í framsætum, litað gler, stafrænt mælaborð með ljósdeyfi, fjarstýrðar samlæsingar, rafdrifið stýri með breytilegri þyngd eftir hraða, velti- og aðráttarstýri, rafstýrðar rúður með klemmuvörn, hraðanæmar rúðupurrkur, stillanleg hraðaaðvörn, lesljós, hæðarstilling á bílstjórásæti, þokuljós, heimreiðarljós, glasahaldarar og margt fleira skemmtilegt.

Og meira.... - Í C2 með VTR 1,4 lítra vélinni færðu að auki sportstuðara, sílsakitt, vindskeið, þokuljós, VTR innréttingu, 15" felgur og sílsahlífar.

Í VTR 1,6 færðu 16" Leopard álfelgur (líka á varadekkið), EBD hemlajöfnun, diskabremsur að framan og aftan með kælingu að framan. Ef það er ekki nóg þá velur þú C2 VTS 1,6 og færð að auki spólvörn og stöðugleikastýringu, loftkælingu, sportfjöðrunarkerfi, álpedala, álgirhnúð og leðurklætt stýri.

Og ennþá meira... - Ef þú vilt hafa C2 ennþá flottari bættu þá við hraðastilli, sílsahlífum, 5 diska geislaspilara, vindhlífum á glugga eða nálægðarskynjara. Citroën C2 er til í allt!

Haltu á vit ævintýrana með Citroën C2. Láttu drauminn rætast. Vertu öðruvísi en allir hinir, frjáls eins og fuglinn. C2 er fyrir þig!



C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.494.000 kr.

LEIGA = 27.200 kr.

LÁN = 19.762 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
149.400 ÚT



Berlingo Multispace 5 gíra 1,6 110 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.589.000 kr.

LEIGA = 28.400 kr.

LÁN = 21.018 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
158.900 ÚT



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.569.000 kr.

LEIGA = 28.800 kr.

LÁN = 20.755 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
156.900 ÚT



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.869.000 kr.

LEIGA = 33.700 kr.

LÁN = 24.723 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
186.900 ÚT



C5 X 5 gíra 1,8 117 hö*

TILBOÐSVERÐ = 2.070.000 kr.

LEIGA = 37.390 kr.

LÁN = 27.400 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
207.000 ÚT



C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö*

TILBOÐSVERÐ = 2.999.000 kr.

LEIGA = 54.400 kr.

LÁN = 41.045 kr.

PÚ BORGAR AÐEINS
299.900 ÚT

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Öruggur staður til að vera á



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvaða virtu kvikmyndaverðlaun hlaut Valdís Óskarsdóttir?
- 2 Fyrir hvað stendur MÍR, sem verður 60 ára í vor?
- 3 Fyrir hvað er Ernst S. Olsen frægastur á Íslandi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Borgarfulltrúi segir fyrrverandi borgarstjóra segja ósatt: Holræsagjaldið er ekki tekið með

BORGARMÁL „Hún er að segja ósatt,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, um þau orð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrum borgarstjóra, í Fréttablaðinu á laugardag að álagningarhlutfall fasteignagjalda hafi ekki hækkað.

„Þegar hún segir að álagningarhlutfallið hafi ekki hækkað af fasteignagjöldunum gleymir hún einum litlum holræsaskatti sem er hækkan upp á 20 til 30 prósent,“ segir Guðlaugur Þór. „Í öðru lagi segir hún það staðreynd að gjöld á eignir manna séu hvergi lægri á höfuðborgarsvæðinu en í Reykjavík. Það er alrangt. Seltjarnarnes-



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON Segir rangt hjá Ingibjörgu Sólrúnu að fasteignagjöldur á höfuðborgarsvæðinu séu lægstar í Reykjavík.

bær er ekki með neitt holræsagjald og þar af leiðandi með lægstu gjöldin á eignir. Síðan eru fleiri sveitagjöld með jafn mikla eða lægri fasteignaskatta en Reykjavíkurborg.“

Ingibjörg Sólrún sagði í Fréttablaðinu á laugardag að það væri rangt hjá Guðlaugi Þór að lóðaskortur hefði hækkað fasteignaverð. „Ég bið þá bara fólk að taka vel eftir því að hér er komin ný hagfræðikenning sem gjörbyltir öllum hugmyndum manna um framboð og eftirspurn,“ segir Guðlaugur Þór.

Ekki náðist í Ingibjörgu Sólrúnu í gær.

- bpg

Hernámsstjórnin í Írak:

Var eins og illta vestrið

BANDARÍKIN, AP Bandarískir hermenn og embættismenn keyrðu á milli verkataka í Bagdad með andvirði tuga og hundruða milljóna króna í seðlum og greiddu fyrir unnin verk í reidufé. Peningarnir komu úr byrgi Saddams Hussein og ekkert eftirlit var með þeim eftir að þeir voru taldir út úr fjárhirslunum.

Svona lýsir Frank Willis, fyrrum embættismaður í bandarísku hernámsstjórninni, fyrstu dögnum eftir innrásina. Hann segir embættismenn hafa verið reynslulausa og hrædda við að taka ákvarðanir. „Ég hef lýst þessari óreiðu sem villta vestrinu.“ ■

Jóhannes Páll II: Ávarpaði mannfjölda

VATIKANID, AP Jóhannes Páll II páfi ávarpaði fólk út um gluggann á íbúð sinni við Péturstorg í gær og er það í fyrsta skipti sem hann gerir slíkt frá því hann veiktist og var fluttur á sjúkrahús fyrir hálfum mánuði.

Aðstoðarmaður páfa flutti megnið af skilaboðum páfa til mannfjöldans en undir lokin sagði páfi skýrri röddu. „Gleðilegan sunnudag. Þakka ykkur fyrir,“ sagði hann og veifaði fólki titrandi hendi.

„Lengi lifi páfinn,“ heyrðist úr röðum þeirra þúsunda einstaklinga sem voru viðstaddir. ■



PÁFI BIRTIST ALMENNINGI Hönd páfa titraði en rödd hans var skýr þegar hann ávarpaði fólk stuttlega.

SUÐUR-AMERÍKA

FIMMTÁN FÓRUST Í það minnsta fimmtán manns létust af völdum flóða í norðurhluta Kólumbíu. Mikil rigning hefur verið á þessum slóðum og hækkaði vatnsborð á og fljóta svo mjög að hífli fjölda fátæks fólks á árbökkunum eyðilögðust. Á fjórða þúsund flýðu heimili sín.

VERÐLAUN „Þetta er gríðarmikil viðurkenning. Þessi verðlaun koma eiginlega strax á eftir Óskarnum í umfangi og stærð,“ segir Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður um sigur Valdísar Óskarsdóttur á Bafta-verðlaunahátíðinni í Bretlandi í fyrrakvöld.

Valdís fékk þar verðlaun fyrst Íslendinga fyrir að klippa myndina Eternal Sunshine of the Spotless Mind með Jim Carrey og Kate Winslet í aðalhlutverkum. Sigræði hún þar fræga klippara á borð við Thelmu Schoonmaker, sem vann að stórmynd Martins Scorsese, The Aviator. Thelma hefur einmitt verið tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í ár, eins og klipparar myndarinnar Collateral sem einnig töpuðu fyrir Valdís í fyrrakvöld.



VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR Ásgrímur Sverrisson segir Bafta-verðlaunin sanna að Valdís sé komin í úrvalsdeildina í röðum klippara.

„Þessi verðlaun eru forleikur að Óskarnum og hafa í gegnum árin gefið sterkar vísbendingar um sigurvegarana þar. En af einhverjum óskiljanlegum



BAFTA-VERÐLAUNIN

Valdís Óskarsdóttir hlaut Bafta-verðlaunin fyrst Íslendinga í fyrrakvöld.

ástæðum er Valdís ekki tilnefnd til Óskarsverðlaunanna. Sigurinn hjá Bafta sannar hversu undarlegt var að tilnefna hana ekki til þeirra verðlauna,“ segir Ásgrímur.

Ásgrímur segir að Thelma hafi alla tíð verið í miklu uppáhaldi hjá Valdís enda hefur hún klippt nánast allar myndir Martins Scorsese. Á meðal þeirra eru Goodfellas, Casino, Gangs of New York og Raging Bull, sem hún vann Óskarninn fyrir árið 1980. „Hún er klippari númer eitt í dag enda raðar Scorsese bara í kringum sig topp-

fólki. Ég hef heyrt Valdís hlæða hana lofi og prís,“ segir Ásgrímur, sem segist ekki vita hvort Bafta-verðlaunin eigi eftir að breyta ferli Valdísar. „Þetta sýnir alla vega og sannar að hún er komin í úrvalsdeildina í heiminum eins og hún hefur verið í dálítið mörg ár. Þessi verðlaun eru staðfesting á því.“

Ásgrímur vann með Valdís fyrir mörgum árum þegar hann aðstoðaði hana við klippingu á Sódómu Reykjavík. „Það var sérlega ljúft. Hún er alveg frábær manneskja. Ég kunní afskaplega

vel við hana og hún er yfirveguð og æðrulaus. Það er hennar stærsta „talent.“ Hún hefur góða heildaryfirsýn eins og allir góðir klipparar þurfa að hafa.“

Þess má geta að leikstjóri Eternal Sunshine of the Spotless Mind er Michel Gondry sem hefur leikstýrt mörgum myndböndum Bjarkar Guðmundsdóttur, þar á meðal Human Behavior, Army of Me og Hyperballad. Kann hann því greinilega vel að starfa með íslenskum kjarnakonum.

freyr@frettabladid.is

Krossinn vildi kynferðisglæpamann aftur heim til stúlkunnar

„Ég sagði Gunnari allt,“ segir níðingurinn

DV – hefur þú séð DV í dag?



Fiskvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu:

Eiga fjölda íbúða

FISKVINNSLUFYRIRTÆKI Nokkuð er um að fiskvinnslufyrirtæki eigi húsnaði, jafnvel heilt fjölbýlishús, til að geta leigt út til erlendra farandverkamanna á höfuðborgarsvæðinu og er þar auðvitað um nútíma verbúðir að ræða. Talsverður áhugi virðist vera á þessu fyrirkomulagi hjá fyrirtækjunum enda verður þannig auðveldara að fá starfsfólk og atvinnuleysi fyrir það.

Fiskkaup í Reykjavík, sem er í eigu Jóns Ásbjörnssonar, á fjölbýlishúsið númer 29 við Nýlendugötu í Reykjavík. Ásbjörn Jónsson framkvæmdastjóri segir að afi sinn hafi byggt húsið árið 1936 og það hafi verið í eigu fjölskyldunnar alla tíð síðan. Í húsinu séu fimm litlar íbúðir og þær séu leigðar erlendu farandverkfólki á góðum kjörum en hjá Fiskkaupum starfa um 20 verkamenn.

Óskar Þór Karlsson, formaður Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, rekur Ísfisk ehf. Fyrirtæki hans á fimm herbergja íbúð sem fjórir til fimm verkamenn geta búið í meðan þeir finna eigin húsnaði. Þá hefur Toppfiskur í Hafnar-



FRÉTTABLAÐIÐ/VALU

NÝLENDUGATA 29 Í REYKJAVÍK Eitt dæmi af mörgum um að fiskvinnslufyrirtæki eigi fjölbýlishús sem það getur leigt erlendum verkamönnum og hjálpað þeim þannig að fóta sig fyrst um sinn í nýju landi.

firði leitað að húsnaði til kaups í mörg ár.

- ghs

Nýnasistar í Dresden:

Boðuðu dag hefndar

ÞÝSKALAND, AP Um fimm þúsund þýskir nýnasistar fóru í göngu í Dresden í gær til að minnst þess að 60 ár voru liðin frá því 35 þúsund manns létu lífið í loftárásum bandamanna á borgina undir lok síðari heimsstyrjaldar.

Göngu-menn héldu á kyndlum og spiluðu tónlist R i c h a r d Wagners, uppáhaldstónskálds Adolfs Hitler, og héldu á borðum með áletrunum eins og „Sprengjuehelfor“ og „Dagur hefndar kemur“.

Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, var ósáttur við göngu nýnasistanna og sagði Þjóðverja myndu berjast gegn hvers konar tilraunum til að endurrita söguna og sagði sprengjuárásirnar afleiðingu af stríðsrekstri nasista. ■



NÝNASISTAR Í DRESDEN Fjöldi nýnasista safnaðist saman mörgum til ama.




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

GÓÐ ÁVÖXTUN 2004


Frjálsi lífeyrissjóðurinn skilaði góðri ávöxtun 2004. Jafnframt var ávöxtun sjóðsins mun hærrí en viðmiðunarvísitölur hans.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn er traustur lífeyrissjóður sem rekinn er af KB banka. Sjóðurinn er stærsti frjálsi lífeyrissjóður landsins og opin öllum þeim sem ekki er skylt að greiða í tiltekinn lífeyrissjóð samkvæmt kjarasamningi.

Nafnávöxtun árið 2004



Söguleg nafnávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins



Stærð Frjálsa lífeyrissjóðsins 31. des. 2004: **35,6 milljarðar kr.**

Fjöldi sjóðfélaga 31. des. 2004: **30 þúsund**



VALENTÍNUSARDAGUR UNDIRBÚINN
Pooja hugaði í gær að blómum sem hún hyggst selja elskendum í dag, Valentínusardag. Þjóðernissinnaðir Hindúar hafa heitið því að koma í veg fyrir uppákomur og ástarfundir dagsins sem þeir telja móðugn við indverska menningu.

McDonald's í Bandaríkjunum gerir dómsátt:

Greiða hálfan milljarð í bætur

HOLLUSTA Stjórnendur McDonald's hafa samþykkt að greiða rúmlega hálfan milljarð króna til að binda enda á málaferli gegn fyrirtækinu.

Í tilkynningu frá McDonald's í september 2002 kom fram að fyrirtækið myndi hætta að nota jurtaolíu með transfitusýrum, til að steikja franskartöflur og annan mat, innan fimm mánaða. Þegar sá frestur rann út tilkynnti fyrirtækið um seinkun á áformum sínum.

Samtökin BanTransFats töldu að þetta hefði ekki verið kynnt nægjanlega vel og höfðuðu þeim á hendur McDonald's þar sem þeim þótti gefið til kynna að matvælin

sem fyrirtækið býður upp á væru heilsusamlegri en raunin er. Málínu lauk með dómsátt þar sem McDonald's samþykkti að greiða 430 milljónir til bandarísku hjartaverndarsamtakanna og um hundrað milljónir til að kynna fólk að gamla olían væri enn notuð á stöðum þeirra.

Björn Ingimarsson, rekstrarstjóri veitingastaða McDonald's á Íslandi, segir að skipt hafi verið um olíu hér fyrir fjórum árum síðan og notuð önnur olía en notuð er í Bandaríkjunum. „Í dag notum við jurtaolíu sem er búin að vera í gangi í Þýskalandi og víðar,“ segir hann.



MCDONALD'S
Fyrirtækið greiðir andvirði 533 milljóna króna til að binda enda á málaferli gegn sér.

Barnaniðingar:

Sautján handteknir

SPÁNN, AP Tilraun manns til að fá tólf ára dreng til að taka þátt í kynlífssamtölum á netinu varð til þess að hann og sautján aðrir barnaniðingar voru handteknir af spænsku lögreglunni.

Lögreglan gerði húsleit í íbúðum manna vítt og breitt um Spán, meðal annars í höfuðborginni Madrid, Barselóna og Valencia. Þar var lagt hald á tölvur, myndbönd og mynddíska og verða gögnin notuð sem sönnunargögn gegn mönnum.

Lögreglan lagði til atlögu við mennina eftir að móðir piltisins kærði atvikið til lögreglu. ■

EVROPA

SPRENGJUMADUR ÁKÆRDUR

Breska lögreglan hefur ákært Pakistana fyrir að hafa ætlað að fremja hryðjuverk. Yfirvöld segja að hann hafi ætlað að valda sprengingu sem stefndi lífi fólks í hættu en tilgreina ekki hvað hann ætlaði að sprengja.

BJARGAÐ ÚR GLJÚFRI Sautján skíðamenn og snjóbrettakappar þurftu á hjálp björgunarsveita að halda til að komast heilir á húfi úr skíðaferðalagi í Austurríki. Fólk, ungmenni á aldrinum fjórtán til 25 ára, hafði villst af leið og lent í ógöngum. Þau notuðu farsíma til að láta vita af sér.

STARFAR ÁFRAM „Páfinn er heill heilsu, flensan er að baki og ég held að hann byrji að vinna á næstu dögum,“ sagði Camillo Ruini kardínali og kvaðst mjög bjartsýnn á getu páfa til að gegna embætti áfram.

Íslenskur hermaður í Írak:

Missti sjón á öðru auga

STRÍÐ Cesar Arnar Sanchez, tvítugur Íslendingur í Bandaríkjaher, missti sjón á öðru auga þegar flugskeyti sprakk við hlið hans í síðustu viku.

„Hann er blindur á öðru auga og svo fór flís undir hnéskelina og skar í sundur taugar. Hann getur ekki lyft tánum og er skorinn á líkamanum,“ segir Arna Bára Arnarsdóttir, móðir Cesars Arnars. Læknar segja þó að taugarnar grói aftur og því eigi hann að geta lyft tánum þegar þær gróa. Sjónin sé hins vegar endanlega farin.

Cesar Arnar hringdi í móður sína í fyrradag. „Honum líður ekkert of vel og er svolítið niðri,“ segir Arna Bára um son sinn. Hann er á hersjúkrahúsi í Þýskalandi en verður fluttur til Bandaríkjanna í dag eða næstu daga. Þangað ætlar Arna Bára að fara til að vera hjá syni sínum og styðja við bakið á honum.



CESAR ARNAR SANCHEZ
Cesar verður 21 árs í næsta mánuði.



HÆSTU HÚS AKUREYRAR

Á milli turnanna, ofan á bílageymsluhúsinu, verður garður með trjágróðri fyrir íbúana en auk þess er gert ráð fyrir að lokaðar 25 fermetra svalir fylgi öllum stærri íbúðunum.

Þétting byggðar á Akureyri:

Þrjú háhýsi í hjarta bæjarins

HÁHÝSI Verktakafyrirtækið SS Byggir á Akureyri áformar að reisa þrjú 16 hæða íbúðaturnana á svokölluðum Sjallareit í miðbæ Akureyrar. Framkvæmdirnar njóta stuðnings innan bæjarkerfisins og að mati umhverfisráðs falla hugmyndirnar vel að markmiðum Akureyrarbæjar um þéttingu byggðar á miðbæjarsvæðinu.

Á tveimur næstu hæðunum verða verslunarrými og bílageymsluhús en þar ofan á koma þrjú 14 hæða íbúðaturnar með um 150 til 170 íbúðum.

Sigurður Sigurðsson, fram-

kvæmdastjóri SS Byggis, segir að kostnaður við byggingarnar verði þrjú til fjórir milljarðar króna. „Ég vonast til að hægt verði að hefja framkvæmdir fyrir árslok. Við munum byrja á einum turni og klára hann alveg áður en við byrjum á næsta en framkvæmdin í heild mun taka þrjú til fjögur ár. Á næstu vikum munum við ræða við húseigendur á umræddum stað um kaup á eignum þeirra og kynna verkefnið fyrir næstu nágroñnum en við leggjum áherslu á að framkvæmdirnar verði í fullri sátt við það fólk sem þær snerta,“ segir Sigurður.

- kk

Norðurál á Grundartanga:

Heimild til stækkunar í 260 þúsund tonn

ÍDNADUR Ekkert stendur lengur í vegi fyrir því að Norðurál á Grundartanga geti aukið afköst álverksmiðju sinnar í 260 þúsund tonn en samningur þess efnis var undirritaður í vikunni. Hafa framkvæmdir við stækkun álversins staðið yfir um tíma en í þessum áfanga er einungis gert ráð fyrir að afkastagetan verði 212 þúsund tonn en ekkert því til fyrirstöðu að stækka frekar þegar fram líða stundir.

Norðurál verður þannig

stærsti framleiðandi áls á Íslandi en til samanburðar er afkastageta Alcan í Straumsvík tæp 180 þúsund tonn. Þegar og ef forsvarsmenn Norðuráls auka afkastagetuna í 260 þúsund tonn verður starfsfólki verksmiðjunnar fjölg- að talsvert auk þess sem tekjur ríkisins, sveitarfélaga á svæðinu sem og orkusöluáðila aukast hlutfallslega. Hin hliðin á teningnum er hins vegar aukin loftmengun í Hvalfirðinum og víðar þegar fram líða stundir.

- aðe

Átaksvika vegna heimilisofbeldis 14. – 21. febrúar

**BÝRÐU
VIÐ
OFBELD
Á HEIMILINU?**



Hringdu í 1717 – Hjálparsíma Rauða krossins

1717 - Hjálparsími Rauða krossins er opin allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvergi fram á símreikningum.

Síminn er bakhjarl 1717 - Hjálparsíma Rauða kross Íslands.

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir út úr vandanum

Rauði kross Íslands

Smábátasjómenn: Gæftaleysi á nýju ári

SJÓSÓKN Það sem af er ári hefur tíðarfarið víða um land verið smábátasjómönnum fremur erfitt og fyrir vikið hefur aflinn verið með minna móti. Smábátasjómenn á Húsavík hafa lítið komist á sjó í janúar en afli stærri línubáta hefur þó nægt til að hægst hefur verið að halda upp fullri vinnslu hjá GPG á Húsavík. Grímur Kárasón, verkstjóri hjá GPG, segir að þar á bæ megi ekki tæpara standa svo náist að framleiða upp í saltfiskpantanir fyrir páskana. „Þetta verður auðvitað svolítið kapphlaup við tímann en ef að líkum lætur munum við klóra okkur fram úr þessu,“ segir Grímur. - **kk**

Endurbætur á Tý og Ægi: Slippstöðin með næstlægsta tilboðið

SKIPASMÍÐI Forsvarsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri binda góðar vonir við að fá um 285 milljóna króna verkefni vegna endurbóta og breytinga á varðskipunum Tý og Ægi. Alls búrast sjö tilboð og átti Slippstöðin næstlægsta tilboðið en pólsk skipasmíðastöð átti lægsta tilboðið. Anton Benjamínsson, verkefnisstjóri hjá Slippstöðinni, segir einungis um 16 milljóna króna mun á tveimur lægstu tilboðunum. „Ég held að tilboð okkar sé býsna vænlegur kostur því ef pólska tilboðinu verður tekið, bætist við kostnaður vegna flutninga á skipunum til Póllands og eftirlits ytra. Gert

er ráð fyrir að vinna við Ægi fari fram í sumar og vinna við Tý sumarið 2006. Ef við fáum þessi verk sjáum við fram á að þurfa að fjölga starfsmönnum um 20 til 30 tvö næstu sumur,“ segir Anton.

Mikill verðmunur var á tilboðunum sjö sem búrast eða frá tæpum 270 milljónum króna og upp í rúmar 600 milljónir króna. Verið er að fara yfir tilboðin og er niðurstöðu að vænta innan fjögurra vikna. - **kk**



BALDVIN NC Í VIÐGERÐ
Tveir stærstu verkþættirnir í útboði Landhelgisgæslunnar eru smíði á nýjum stýrishúsum og endurnýjun áhafnaribúða.

Offituvandinn: Engin lyf finnast

BANDARÍKIN Þrátt fyrir að milljónir offitusjúklinga bíði með öndina í hálsinum eftir undrameðali við sjúkdómnum gengur afar illa að framleiða slíkt lyf og nú hafa tvö stór lyfjafyrirtæki hætt rannsókn-um á lyfjum sem þóttu lofa góðu. Um er að ræða breska fyrirtækið GlaxoSmithKline sem hætt hefur þróun á svokölluðu 771 lyfi eftir áralanga þróun þar sem rannsóknir sýndu að enginn þátt-takenda léttist sem neinu nam. Virðist vera afar erfitt að finna lyf sem léttir fólk með öruggum hætti, en þau lyf sem þegar fást hafa erfiðar aukaverkanir. ■

Hafnarfjörður: Nýr vefur slær í gegn

VEFSÍÐA Níu hundruð manns skoðuðu auglýsingar um lóðir á vef Hafnarfjarðar á fimmtudag. Alls skoðuðu 1.400 manns vefinn þann dag. Nýtt útlit prýðir vefinn og er hann drifinn af ecWeb-umsjónarkerfinu. Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðar, segir Hafnarfjörð fyrsta sveitarfélagið sem noti kerfið. Hugmyndin sé að auka þjónustu við íbúa. „Við stefnum á að í vor geti foreldrar til dæmis skoðað skuldastöðu sína gagnvart bænum vegna barna á leikskólum rétt eins og í heima-banka.“ Heimsóknir á eldri vefinn voru þrjú til sex hundruð á dag. - **gag**

Matarhátíðin Food and fun: Aldrei fleiri blaðamenn

MATARGERÐ Rúmlega 60 erlendir blaðamenn hafa tilkynnt komu sína hingað til lands vegna matarhátíðarinnar Food and fun sem hefst þann 16. febrúar og stendur í fjóra daga. Food and fun er samstarfsverkefni Ícelandair, íslensks landbúnaðar og verkefnisins „Iceland Naturally“ og er tilgangurinn að kynna kosti íslenskra matvæla sem víðast. Flestir koma blaðamennirnir frá Bandaríkjunum en einnig fjöldi frá níu þjóðum Evrópu. Munu þeir fylgjast með heimsþekktum matreiðslumeisturum sýna snilli sína í eldhúsum veitingahúsa í Reykjavík. ■

Sjómannaskólar: Gæði skóla viðurkennd

SKÓLAMÁL Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélaskóli Íslands hafa sótt um gæðastadalin ISO-9001. Fáist vottun útskrifast nemendur með alþjóðskírteini. Jón B. Stefánsson skólameistari segir að verði skólarnir ekki vottaðir geti útskrifaðir nemendur aðeins nýtt réttindi sín innan íslensku lögsögunnar. „Þetta er krafa til að tryggja öryggi á heimshöfunum,“ segir Jón. Skólinn verði þá sá fyrsti á framhaldsskólastigi í landinu sem fái gæðavottun. Um tvö hundruð nemendur eru á vélstjórnarsviði og um sjöttíu á stýrimannasviði. - **gag**

EVROPA
KOSOVO ER SERBESK „Þetta er Serbía,“ sagði Boris Tadic, forseti Serbíu, þegar hann kom til þorpsins Silovo í Kosovo við upphaf ferðar sinnar um héraðið sem nú lýtur stjórn Sameinuðu þjóðanna. Serbar vilja að Kosovo tilheyri Serbíu áfram líkt og hún tilheyrði Júgóslavíu en Kosovo-Albanar vilja sjálfstæði.

Zý á t & x & Bs Á z & x & q & d & Á q & s ' r & 4. Yr q h Y g x & 4 6 6 & x & t { x & s & g m & x' Zu & U z g & g x y & v v & Q & g & s g n k t z y 4
P k v v g x & 4 6 6 & x & t { x & s & g m & x' Zu & U z g & g | : & v v & Zu & U z g & g t j & x i y k x & 4
O t d g r & U & k & x & z g s g x g U { x g q y z & a m & g y q z e m m & m



8 & k x U & o l g r z & g r

Fólksbilar
kr. **3.900**
litlir bílar

Jeppar
kr. **6.900**
stórir bílar

Qus j { & ry q { t t & & | gxz

G r o x & k s & h Y q g d & Y & & g i k t z Y { y g x g m t & g U & k t j g h Y s | " t j & o k r y q { t t g x y t g x & y T M & g U & q u y z t g U g x g { y l 4

H { j n k z h Y g k o r g & x & s & & 8 & 6 & 6 2 & x { m f | u n a & 7 6 2 & 7 6 : & x k e q g g | Y j 2 & } } h { j n k z 4
H { j n k z h Y g k o r g & x & s & & l z o d g x t j & z ' U { s & & g t j & a { @ & k e q g g | Y j 2 & k l g | Y j 2 & q l x k e x & k n o y z ' U { s & & x k e U g l o & o & k y z s g t t g k e f s & 2 & Y x y n " l t 2 & u x " q n " l t & a m & l g q g g 4

Budget
Car Rental

Iceland Express
k k k " J W U b X i d Y g g l g

24

stundir

EFTIRMÁL: RIÐUSMIT Í BISKUPSTUNGUM

Að líkindum verður fleiri kindum fargað

Í desember síðastliðnum greindist riðusmit í tveimur kindum í bænum Austurhlíð í Biskupstungum. Þurfti í kjölfarið að farga öllum fjárstofninum á bænum sem taldi um 350 fjár. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Keldum, segir að búið sé að farga fénu og það hafi gengið ágætlega. Hann leggur til að eftirlit verði haft með fénu í Hlíðahólfinu í vetur og svo verði því öllu fargað næsta haust. Um er að ræða 500-600 fjár á nokkrum bæjum en þeirra stærstur er Austurhlíð. „Það hefur verið heilmikill samgangur á milli bæja þarna og við viljum ekki eiga það yfir höfði okkar að riðan eigi eftir að koma upp þarna eftir eitt, tvö eða þrjú ár. Við viljum hreinsa þarna til og fá sveitina sam-



SIGURÐUR SIGURÐARSON

einaða á ný,” segir Sigurður. Að sögn Sigurðar gengur féð úr þessum hluta sveitarinnar á aðra afrétt en

fé annars staðar úr sveitinni sem fer upp á Kjöl. Á síðastliðnu ári þurfti að farga öllu fé í Ytri- og Eystri-Tungu vegna þess að riða kom upp á nokkrum bæjum dreift um svæðið. Landbúnaðarráðherra tekur endanlega ákvörðun í samráði við heimamenn og héraðsdýralækni að fengnum tillögum yfirdýralæknis. „Við reynum af fremsta megni að leysa málin í samráði við heimamenn með friði,” segir Sigurður. Ákvörðunina verður að taka fyrir vorið, áður en bændur leggja út í kostnað við áburðardreifingu og slíkt. Sigurður býst við að flestir bændur svæðisins muni samþykkja þessar tillögur þótt hugsanlega kunni einhverjir að vera á móti.

HVAD KOSTAR ÞAÐ?



1350 KRÓNUR KOSTAR AÐ ÞINGLÝSA SKJALI HJÁ SÝSLUMANNI

SJÓNARHÓLL

HÚSARIF VIÐ LAUGAVEG

RAGNAR SVERRISSON

Mun bjarga miðbænum

„Þetta er frábært. Reykvikingar og bæjarfyrirvöld eru að gera rétta hluti og þetta á eftir að verða þeim til sóma,” segir Ragnar Sverrisson, kaup- og at-hafnamaður á Akureyri um þá ákvörðun borgaryfirvalda að rífa 26 hús við Laugaveg í Reykjavík.

Ragnar telur ekki mikla eftirsjá í þessum húsum og sögulegt gildi þeirra lítið. „Það er verið að rífa hús sem skipta engu máli, eru bara drasl og ekki einu sinni mannbústaðir en nokkur hús sem eru í lagi eru skilin eftir. Þessi þróun á eftir að verða borginni til sóma.”

Ragnar bendir á að þetta sé í svipuðum anda og Akureyningar eru að gera. En hvernig sér hann fyrir sér miðbæinn í Reykjavík?

„Ég sé fyrir mér einhver háhýsi á svæðinu en samt innan skynsamlegra marka. Eitthvað í líkingu við það sem hefur verið gert í skuggahverfinu; það er hrein snilld sem er að gerast þar.“ Ragnar segir framtíðina byggjast á þéttingu miðbæjarins. „Ef að íbúum fjölgar í miðbænum þá fjölgar verslunum. Þetta er nákvæmlega það sem er að gerast í Reykjavík og það á eftir að bjarga miðbænum.”



Hornfirðingar í útrás:

Hornfirsk hljómsveit í útlöndum

Sá einstæði atburður varð um helgina að hornfirsk hljómsveit lék í útlöndum. Samkvæmt vefsíðunni horn.is er þetta í fyrsta sinn sem hljómsveit starfandi á Hornafirði er fengin til að spila erlendis. Hljómsveitin KUSK var fengin til að leika á þorablóti Íslendingafélagsins í Stokkhólmi og æfði hún stíft fyrir tilefnið stóra. Haft er eftir trymblinum Ólafi Karli Karlssyni að sveitin sé í sínu besta formi. Er stefnan sett á hljóðver til upptöku á nýjum lögum.

Samkvæmt Horni hafa þorablót Íslendinga í Stokkhólmi verið í lægð undanfarin ár og fáir mætt. Nú var hins vegar leigður glæsilegur salur og fengin alvöru hljómsveit frá Íslandi. Að auki var Ómar Ragnarsson fenginn til að fara með gamanmál. - bps



SVANUR HALLDÓRSSON LEIGUBÍLSTJÓRI

Á hálfri öld hefur hann ekið sem svarar til 95 hringja í kringum Jörðina.

Húsbréf

Innlausn húsbréfa

Frá og með 15. febrúar 2005 hefst innlausn á útdregnum húsbréfum í eftirtöldum flokkum:

1. flokki 1989 – 57. útdráttur
1. flokki 1990 – 54. útdráttur
2. flokki 1990 – 53. útdráttur
2. flokki 1991 – 51. útdráttur
3. flokki 1992 – 46. útdráttur
2. flokki 1993 – 42. útdráttur
2. flokki 1994 – 39. útdráttur
3. flokki 1994 – 38. útdráttur

Innlausnarverðið er að finna í Morgunblaðinu mánudaginn 14. febrúar.

Innlausn húsbréfa fer fram hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum og liggja þar einnig frammi upplýsingar um útdregin húsbréf.



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800 | www.ils.is

Leigubílstjóri í 50 ár

Eftir rúmar tvær vikur er hálf öld liðin síðan Svanur Halldórsson bílstjóri á Hreyfli hóf leigubílaakstur. Fyrir tólf árum keypti hann sér stóran bíl sem farþegar óttuðust. Þeir héldu að startgjaldið væri hærra.

„Þessi bíll er alltof dýr fyrir mig, ég las það í blaðinu í morgun,” voru fyrstu orð ungrar konu í Kópavoginum þegar Svanur Halldórsson renndi í hlað hjá henni á silfurlitaðri átta manna Hyundai Starex GRX leigubifreið sinni á fimmtudagsmorgun.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag var fjallað um startgjald leigubíla og það sagt hærra ef um stóra bíla væri að ræða. Slíkt á aðeins við ef farþegarnir eru fleiri en fjórir. Séu þeir færri er startgjaldið það sama og hjá venjulegum bílum.

„Þessi misskilningur var ríkjandi um tíma en það var eiginlega búið að eyða honum. Menn voru oft í bílaröðinni og þurftu að útskýra þetta fyrir fólki,” segir Svanur sem ekið hefur leigubíl í nákvæmlega fimmtíu ár þann 1. mars næstkomandi og ekki unnið annað með.

Langst af ók hann hefðbundnum fólksbílum en fyrir tólf árum keypti hann sér stóran bíl. „Það var kall tímans. Þegar ég var ungur og fór á dansleiki var farið út milli hálf ný og ný og dansaði til eitt. Nú safnast menn saman í heimahúsum og horfa á vídeóspólu, borða pitsu og drekka nokkra bjóra. Svo fara menn á pöbbarölt í bænum og þá þarf stóran bíl. Svo er sama sagan þegar farið er heim. Menn fara þá

saman, panta pitsu og geimið stendur til morguns.“

En það var þó ekki bara til að koma skemmtanaglóðum á milli staða sem Svanur

keypti stóran bíl. „Þessi mikla útrás Íslendinga til annarra landa gerir það að verkum að það er mikil þörf á svona bílum í Keflavíkurförðirnar. Svo eru það skoðunarferðirnar með útlendingana á Gullfoss og Geysi og í Bláa lónið. Þá grúbbar fólk sig saman því það hefur komist að því að það er ódýrara að slá saman í leigubíl en að kaupa sæti í rútu.“

Svanur er ánægður í vinnunni. Um það verður ekki villst þegar haft er í huga að hann hefur ekið í að verða 50 ár og lagt ófáa kílómetrana að baki. „Ég tók þetta saman um daginn og hef þegar ekið rúmlega 3,8 milljónir kílómetra. Það eru nokkrir hringir í kringum Jörðina.“ Þessi samlíking Svans er raunar hóflega áætluð. Hringirnir eru 95!

Fyrir utan að aka hefur hann

helst unun af hestum og á sjálfur þrjá og nokkra til viðbótar með börnunum sínum.

En það er meira en að segja það að gera það gott í leigubílaakstrinum. „Þetta byggist á ástundun og útsjónarsemi. Við þurfum að fylgjast með rútum, skemmtistöðum og skóláböllum enda erum við sjálfstæðir atvinnurekendur. Það hafa komið hæðir og lægðir en þetta hefur oft verið mjög ábótasöm vinna og skemmtileg,” segir Svanur. Fyrstu fimm árin ók hann hjá BSR en skipti svo yfir á Hreyfil. „Þar var opið allan sólarhringinn, ég var með stóra fjölskyldu og þurfti að vinna mikið.“

Tímarnir hafa breyst og mennirnir með. Það þekkir Svanur úr bílstjórásætinu. „Áður drukku menn brennivín og voru fullir og fínir. Nú eru menn raunveruleikafirrir af lyfjaneyslu og það er allt annað og verra. Því fylgir allt annað viðmót gagnvart þeim sem veita þjónustu. Dónaskapurinn hefur vaxið verulega og eins og fréttir sýna er mönnum misþyrmt og þeir jafnvel skornir á háls. Þetta var gjörsamlega óþekkt hér áður,” segir Svanur en leggur ríka áherslu á að stærsti hluti farþeganna sé afskaplega elskulegur.

bjorn@frettabladid.is



NÝR

GRJÓTHARÐUR NISSAN PATROL

VERÐ FRÁ 4.460.000 KR.



SKIPT_um væntingar



PHOTO/STIA F1011819

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyrarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkrúki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njarðvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Vikurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960

FBL GREINING: FULLVAXTA KARLMENN Í TÖLVULEIK

Fullvaxta karlmenn í tölvuleik



Football Manager eða Championship Manager er leikur sem eflaust margir hafa heyrt getið um enda eiga Íslendingar heimsmet í spilun leiksins samkvæmt heimildarmyndinni How Do You Like Iceland? Ólafur Þór Jónsson, vörustjóri tölvuleikja hjá Skifunni, segir ekki koma á óvart að Íslendingar eigi heimsmet í spilun leiksins miðað við mannfjölda. Hann segir leikinn, sem kom fyrst út í byrjun tíunda áratugarins, njóta sívaxandi vinsælda. Ef allar útgáfurnar frá því leikurinn kom fyrst út séu teknar saman sé hann án efa mest seldi tölvuleikurinn á landinu.

Í stuttu máli snýst leikurinn um að stjórna knattspyrnuliði. Hægt er að velja næstum hvaða lið sem er; meðal

annars er hægt að spila íslensku deildina en þó er langvinsælast að stjórna liði í ensku deildinni. Þetta er ekki hasarleikur þar sem notast er við stýriþinn heldur frekar í ætt við svokallaða herkænskuleiki þar sem sá sem spilar notar músina og lykklaborðið. Spilarinn situr síðan í mestu makindum og ákveður hvernig hann ætlar að stilla liðinu sínu upp, hvaða menn hann ætlar að kaupa til að styrkja það og þannig fram eftir götunum. Hægt er að stjórna minnstu smáatriðum eins og til dæmis hvaða þjálfari æfir unglingsliðið, hversu oft á dag leikmenn æfa, hvaða æfingar þeir geri fyrir hádegi, um miðjan dag og síðdegis. Þá þarf spilarinn líka að svara ýmsum spurningum frá fjölmiðlum um liðið sitt og eigin störf.

Fyrirtækið Sigames gefur leikinn út og sautján manns í fullu starfi allt árið að þróa og bæta leikinn því á hverju ári kemur út ný útgáfa. Auk þess starfsmanna eru tugir manna víðs vegar um heiminn sem afla upplýsinga fyrir Sigames um leikmenn, lið og fleira.

Ólafur Þór segir leikinn um margt merkilegan. Algenst sé að þeir sem spili Championship Manager spili enga aðra leiki. Þá séu það nánast eingöngu karlmenn sem kaupi leikinn og þeir sem kaupi hann séu eldri en gangi og gerist með kaupendum annarra leikja. Hann segist vita dæmi þess að menn allt upp í sjötugt stíji fastir við tölvuna að spila. Ólafur



Þór segist einnig hafa orðið var við að Íslenskir knattspyrnumenn kaupi leikinn. Síðan hafi hann heyrt að þeir kaupir sjálfa sig til einhvers stórs liðs sem þeir stjórni sjálfir, í tölvunni heima í stofu.

SPURT & SVARAÐ
FYRIRSPURNIR Á ALPINGI



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Alltaf verið spurul

Enginn alþingismaður slær Jóhönnu Sigurðardóttur við í fyrirspurnum til ráðherra, en á yfirstandandi þingi hefur hún varpað fram 44 fyrirspurnum, sextán fleiri en spurningum allra þingmanna ríkisstjórnarflokkanna samanlagt.

Hvers vegna spyrdi svona margt?

Það er bara margt sem mér liggur á hjarta til að bæta samfélagið. Oft koma upp mál sem vantar svör við og þarf að fá meira í sviðsjósið. Ýmislegt má bæta og fyrirspurnir og svör við þeim verða oft til þess að hrinda af stað breytingum á lögjöf. Þetta er hluti af eftirlitsskyldu okkar þingmanna gagnvart stjórnarsýslunni.

Hefurðu alltaf verið svona spurningaglöð?

Já, ég býst við því að ég hafi verið það vegna þess að mér finnst það oft skila árangri.

Ertu ánægð með svörin?

Alls ekki alltaf. Mér finnst of mikið um að ráðherrarnir séu að koma sér hjá því að svara. Þetta hefur háð starfi okkar þingmanna mjög.

Skottúr milli höfuðstaðanna

Róttækar hugmyndir manna um Norðurveg, sem liggja mun í allt að 800 metra hæð, eru umtalaðar og umdeildar. Vegurinn myndi stytta leiðina á milli Akureyrar og Reykjavíkur um klukkustund og skipta sköpum fyrir rekstur fyrirtækja norðan heiða.


Mjög skiptar skoðanir eru manna á meðal um hvort hugmyndir um sérstakan hálendisveg milli Reykjavíkur og Akureyrar séu þjóðhagslega hagkvæmar eður ei. Mikið er gert úr þeirri staðreynd að vegurinn styttrir vegalengdina á milli um rúmlega 80 kílómetra en það næst þó aðeins með því að fara gegnum þjóðar djásn okkar Íslendinga; Þingvelli.



ALBERT ÖRN EYÞÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

Nýlega var formlega stofnað einkahlutafélag sem hefur það markmið að annast undirbúning Norðurvegar en það er heiti umrædds hálendisvegar. Ítarlegra rannsókna er þörf áður en nokkrar framkvæmdir hefjast og er athyglisvert að Vegagerðin hefur þegar hafið veðurfræðirannsóknir á hálendinu vegna þessa verkefnis þrátt fyrir að um einkafrankvæmd sé að ræða.

Sé miðað við þá hluthafa sem þátt taka má ljóst vera að fyrir Akureyringa skiptir þetta tals-



FYRIRHUGAÐ VEGARSTÆÐI HÁLENDISVEGARINS

verðu máli. Fremst í flokki er Kaupfélag Eyfirðinga og Akureyrarbær og mörg önnur smærri fyrirtæki fyrir norðan leggja einnig lóð sín á vogarskálarnar. Kostnaður við framkvæmdina sjálfa er mjög á reiki enda engar alvarlegar athugasemdir enn farið fram en áætlanir áhugasópsins gera ráð fyrir að hann yrði á bilinu 5,5-7,5 milljarðar króna.

Sú tala er mjög varlega áætluð enda ýmislegt sem taka þarf með í reikninginn. Veðurfar skiptir miklu máli enda mun Norðurvegur liggja á kafla í rúmlega 800 metra hæð og eru þeir margir sem telja fásinnu að halda að vegur í þeirri hæð verði opin lengur en rétt yfir sumarmánuði. Ráð má gera fyrir að náttúruvænindur láti í sér heyrna hvað varðar hugsanlegar framkvæmdir við Norðurveg við Þingvelli og á Arnarvatnsheiði en margir hafa bent á að þessi hluti hálendisins sé einn af fáum sem enn sér ekki mikið á vegna ágangs manna. Reyndar má glögg sjá á svæðiskipulagi fyrir hálendi Íslands að hálendið fyrir ofan uppsveitir Borgarfjarðar er nánast eina svæði landsins þar sem ekki er gert ráð fyrir virkjunum eða annarri stóriðju í framtíðinni.

muna með fljóttari og auðveldari samgöngum. „Þá má ekki gleyma áhrifum á ferðaþjónustuna. Með klukkutíma styttingu má gera því skóna að fleiri höfuðborgarbúar sækja Akureyri heim og jafnframt að erlendir ferðamenn leggi frekar á sig ferðalagið. Eins má ekki gleyma Akureyringum sjálfum, sem gefst tækifæri til að heim-sækja Reykjavík eina kvöldstund eða svo og halda strax heim aftur.“

Andri er harðorður þegar kemur að gagnrýni á þetta verkefni frá þeim bæjarfélögum sem missa spón úr aski sínum verði Norðurvegur að veruleika. „Sú umræða er að mínu viti komin út fyrir öll mörk. Það er beinlínis barnalegt að halda að söluskálar á Blönduósi og annars staðar á leiðinni geti haldið Eyfirðingum í hálfgerðri gíslingu með rökum sem þessum. Auðvitað er gagnrýnin skiljanleg en að okkar mati er vegur sem þessi nauðsyn til að byggja frekar upp Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem virkilegan valkost á móti höfuðborgarsvæðinu. Ekki má heldur gleyma því að Norðurvegur styttrir ekki bara vegalengdina hingað heldur einnig til Mývatns, Húsavíkur og alla leið austur á land.“



ÞINGVELLIR

Horft til norðs en fyrirhugaður Norðurvegur myndi að öllum líkindum liggja meðfram Arnarvatnsheiði, til hægri á myndinni, alla leið um Kaldadal áleiðis í Borgarfjörð og þaðan upp á Arnarvatnsheiði.

mun betri því hún tengir saman fjölmarga þéttbýlisstaði hér á Norðurlandi þrátt fyrir að hún styttri leiðina milli Akur-eyrar og Reykjavíkur ekkert. Það verður að líta á fleiri atriði í þessu máli en eingöngu hagsmunum Akureyringa.“

Þingvellir erfiðasti hjallurinn

Andri Teitsson viðurkennir að erfiðasti hjallurinn að yfirstiga, eigi Norðurvegur að verða að veruleika, sé að fara gegnum Þingvelli. „Það er enginn vafi á því að þar skiptist fólk í tvær fylkingar, með og á móti, og undirbúa þarf þann þátt verkefnisins afar vel. Að mörgu er að hyggja áður en farið verður af stað en ég tel víst að margir setji sig upp á móti því að vegurinn fari þar í gegn hvernig sem að því verður staðið.“

Taka ber fram að í fyrsta áfanga Norðurvegar er ekki farið gegnum Þingvelli heldur komið af hálendinu niður í Hvítársíðu í Borgarfirði og þaðan út á þjóðveg númer eitt. Sú leið hins vegar styttrir ekki vegalengdina milli Reykjavíkur og Akureyrar nema um rúmlega 40 kílómetra og verður að teljast hæpið að margir ferðalangar séu reiðubúnir að greiða há veggjöld þegar ekki munar fleiri kílómetrum á Norðurvegi og hringveginum, sem er gjaldfrjáls.

Í öðrum áfanga er áformað að leggja góðan veg frá Arnarvatnsheiði yfir Kaldadal og niður á Þingvelli en um Kaldadal er þegar vegur og ekki þarf því að byggja þar veg upp frá grunni eins og annars staðar á leiðinni.

Eitt vandamálið við að fara gegnum Þingvelli er að ekki er víst að slíkt samræmist lögum og reglum en Þingvallasvæðið er sem kunnugt er komið á Heimsmínjaskrá Sameinuðu þjóðanna auk þess sem þaðan fær almenningur á suðvesturhorninu allt sitt neysluvatn. Umsókn Bláskógabyggðar um svokallaðan Gjáþakkaveg hefur þegar verið hafnað á þeim forsendum að slíkt samræmist ekki hagsmunum um verndun svæðisins.

Þar að auki er kveðið á um það í stefnumótun Þingvalla að allur flutningur hættulegra efna, þar á meðal eldsneytis, sé óheimil um þjóðgarðinn og lýtur það að setja strik í reikning flutninga-fyrirtækja sem hug hafa á að nýta sér styttingu Norðurvegar. ■

VARÚÐ • ÖRITSKODADUR • BANNAD INNHAN 18 ÁRA

Viltu vinna miða á 199 kr!

Sailesh

Sendu SMS skeytið **BTL DAF** á númerið **1900** og þú gætir unnið. Vinningar eru miðar á Sailesh • ADSL tengingar hjá BTnet • DVD myndir og margt fleira.

Þú færð miða á dævaldinn Sailesh í öllum verslunum Skifunnar og á skifan.is. Miðaverð 3.500 kr.

„Langfyndnasti gríndávaldur á jörðinni! -MTV“

BTNET

VAS

event

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið. Fólk undir 18 ára aldri verður ekki afhentur miði þar sem aldurstakamark er 18 ára.

Halda Eyfirðingum í gíslingu

„Stytting vegarins er mikilvæg í okkar huga enda sýna útreikningar að fyrirtæki hér á Akureyri og eins þau fyrir sunnan sem senda vörur hingað norður og austur myndu spara talsverða fjármuni með því að fara Norðurveg í stað núverandi hringvegar,“ segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, en hann er jafnframt formaður stjórnar Norðurvegar. Að hans mati mun samkeppnisaðstaða allra norðlenskra fyrirtækja batna til

NORÐURVEGUR:

Vegalengdir styttað um ca.:

Reykjavík – Akureyri	55 mínútur
Reykjavík – Sauðárkrúkur	33 mínútur
Reykjavík – Siglufjörður	32 mínútur

Hugsanleg gjaldskrá:

Ökutæki styttra en sex metrar	kr. 3.000
Ökutæki sex til tólf metra	kr. 9.000
Ökutæki lengra en tólf metrar	kr. 12.000



Gríptu tækifærið

- það stendur aðeins í nokkra daga

Ef þú ert snar í snúningum geturðu náð þér í frábæran Peugeot á ótrúlega góðu verði.



307

1.4i, 90 hestöfl, 5 gíra, 5 dyra, 6 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, 5 þriggja punkta belti, rafmagn í rúðum, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.790.000 nú **1.645.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **17.164** kr.



307 SW - glerþak

2.0i, 136 hestöfl, sjálfskiptur með öllu, 16" álfelgur, tiptronic sjálfskiptingu, loftkælingu og ... Frábær fjölskyldubíll!

Verð var frá 2.440.000 nú **2.245.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **23.493** kr.



206

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, þokuljós aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.499.000 nú **1.380.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.392** kr.



206 SW

1.4i, 75 hestöfl, X-line innrétting, 16v, 5 gíra, 5 dyra, 4 loftpúðar, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum, 5 þriggja punkta öryggisbelti, fjarstýrt útvarp og geislaspilari, álfelgur aukabúnaður á mynd.

Verð var frá 1.569.000 nú **1.429.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **14.960** kr.



807 ST - 7 manna

2.0i, 138 hestöfl, sjálfskiptur, skrikvörn, fjarstýrð og rafdrifin opnun á hliðarhurðum, 7 stakir stólar, framsæti snúningsstólar, þakbogur. Öruggsti billinn í sínum flokki, fékk 5* af 5 mögulegum í árekstrarprófi.

Verð var frá 3.340.000 nú **2.990.000** kr.
Mánaðargreiðsla* frá **31.279** kr.



BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavik**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Sumir aka um á bílum - aðrir aka um á Peugeot.

Hönnun, glæsileiki og aksturseiginleikar setja Peugeot í sérflokk.

Komdu og mátaðu Peugeot, upplifðu mjúka fjöðrun og hönnun sem á sér engan líka.

Upplifðu Peugeot sem næsta kost.

3ja ára ábyrgð - 12 ára ryðvarnarábyrgð.

*Bílasamningur Lýsingar: 30% út og greiðslur til 84 mánaða. Einnig er hægt að velja 10% eða 20% útborgun.



skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Fjölmiðlar opna sýn á falin vandamál.

Verðlaun og mannréttindi

Bláðamannaverðlaun Íslands voru afhent í annað sinn við hátíðlega athöfn á laugardagskvöld. Ástæða er til þess að óska verðlaunahöfum og þeim góðu blaðamönnum sem tilnefndir voru til hamingju með heiðurinn.

Tilgangur blaðamannaverðlaunanna er sá að hvetja til þess að ráðist sé í umfangsmeiri verkefni á sviði blaðamennsku. Verkefni sem taka tíma og krefjast óskiptrar athygli um nokkurt skeið. Vandamál íslenskrar fjölmiðlunar er nefnilega ekki eignarhald og hvort ljósvakamiðlar og prentmiðlar megi vera á höndum sömu aðila. Vandinn er miklu fremur fólgin í því hversu litlir og veikir fjölmiðlar hafa verið. Þeir hafa ekki haft bolmagn til þess að leyfa sínu besta fólki að helga sig stórum verkefnum í þeim mæli sem æskilegt er. Verðlaun Bláðamannafélags Íslands eru til þess fallin að auka metnað ritstjórna fjölmiðlanna og færa má rök fyrir því að afhending verðlaunanna fyrir ári hafi einmitt skilað sér í auknum vilja til að ráðast í ítarlegri verkefni á fjölmiðlunum en ella hefði orðið. Með því er tilgangnum náð.

Hvorki blaðamenn né aðrir ættu að gera of mikið úr valdi fjölmiðla á umræðunni í samfélaginu. Almennur í landinu er upplýstari en svo að fjölmiðlar geti einir og sér ráðið afstöðu fólks til helstu mála sem til umræðu eru í samfélaginu hverju sinni. Hitt er annað að fjölmiðlar geta vakið máls á þáttum í samfélaginu sem að öðrum kosti hefðu legið í þagnargildi. Tveir af þremur handhöfum verðlauna Bláðamannafélagsins vöktu athygli á málum sem annars hefðu hugsanlega orðið þögninni að bráð. Bergljót Baldursdóttir fékk verðlaun fyrir þáttaröð um stöðu aldraðra í samfélaginu sem varð til þess að sjónir manna beindust í ríkari mæli að því hvernig við sem samfélag umgöngumst elstu borgara landsins. Kristinn Hrafnsson fékk sín verðlaun fyrir umfjöllun um íslenskan dreng sem framin hafa verið mannréttindabrot á í Texas. Fram kom í þakkarræðu Kristins að þrátt fyrir að málið hafi vakið gríðarmikla athygli þegar umfjöllunin birtist, hafa hágr drengsins ekki breyst. Á honum eru enn brotin mannréttindi og íslensk stjórnvöld hafa engu þokað í máli hans.

Kristinn upplýsti einnig að ekki hefði verið orðið við beiðni um að utanríkisráðherra tæki málið upp við bandarískan kollega sinn þegar þeir hittust. Í orðum Kristins felst hvatning til fjölmiðla um að fylgja þessu máli eftir. Vestræn samfélög hafa í orði kveðnu viljað standa vörð um algildishugmyndir um tiltekin réttindi manna. Undantekningar frá mannréttindum eiga því ekkert skjól í hagsmunum eða siðvenjum samfélaga og brot á þeim hafa verið notuð sem réttlætning afskipta og hernaðarhlutunar í ríki sem ekki virða slík réttindi. Íslendingar eiga að standa vörð um mannréttindi og stjórnvöld eiga að beita áhrifum sínum til þess að grundvallarréttindi einstaklinga séu virt. Sú afstaða má aldrei mótast af því að á móti hugmyndum okkar séu hagsmunir látnir á hina vogarskálina til að vege upp á móti grundvallarhugmyndunum. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Afnám afnotagjalda? Ef marka má viðhafnarviðtal Morgunblaðsins við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í gær virðast stórtíðindi í aðsögu varðandi rekstur Ríkisútvarpsins. Segir Þorgerður að nú á vorþingi muni hún leggja fram frumvarp til breytinga á útvarpslögum sem felu m.a. í sér afnám hinna lögboðnu afnotagjalda stofnunarinnar. Sátt og samlyndi sé meðal stjórnarflókanna um þá ákvörðun. Athygli vekur að ráðherrann segist vilja tryggja Ríkisútvarpinu öruggan sess í framtíðinni sem öflug „fyrirtæki“. Ýmsir vilja skilja þessi ummæli sem boðskap um að ofan á hafi orðið sú stefna Sjálfstæðisflokksins að

gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Fram að þessu hafa framsóknarmenn komið í veg fyrir það.

Keypt og lesið Morgunblaðið birti í gær heilsíðuauglýsingu: „Mest keypta dagblað landsins!“ Enginn efast um að það er rétt; upplagið er rúmlega 50 þúsund eintök. En auðvitað er ekki minnst á hitt í auglýsinguinni að Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins; upplagið er helmingi stærra, um hundrað þúsund.



Fréttablaðið í Washington Fram að þessu hefur sá reginmunur verið á útgáfu Fréttablaðsins og fridagblaða erlendis að hinum síðarnefndu er nær eingöngu

dreift á lestarstöðvum. Dreifing á heimili hefur ekki þekkt enda er hún gífurlega kostnaðarsöm í stórum þjóðfélögum. Nú virðist breyting ætla að verða á þessu. Í Bandaríkjunum er Philip Anschutz og fyrirtæki hans Qwest Communications að byggja upp fridagblaðaveldi undir nafninu Examiner. Í höfuðborginni er nýju dagblaði útgáfunar, The Washington Examiner, dreift í 260 þúsund eintökum, þar af um 210 þúsund eintökum á heimili í miðborginni þar sem fólk með rúmar tekjur er búsett. Hið gamla dagblað borgarinnar, Washington Post, hefur þó enn vinninginn í útbreiðslu því það er selt í 700 þúsund eintökum. En þar á bæ gera menn sér grein fyrir hver þróunin er og samhlíða Post er gefið út fridagblaðið Express en því er þó enn sem komið er aðeins dreift á lestarstöðvum.

gm@frettabladid.is

Lopapeysur á þing!

Gott framtak hjá Gunnari Örlygssyni, þingmanni Frjálslyndra, að leggja fram tillögu um að þingmenn megi vera í þeim fötum sem þeim sýnist og afleggja þá kátlegu hirðsiði í orðræðu sem þeim er gert að viðhafa nú á hinu háa alþingi um háttvirtan eystri þingmann norðurkjördæmis syðra í stað þess að segja bara Sigrún eða Jóhann. Og svo er ræðutíminn búinn fyrr en varir og fór kannski meira og minna í þessa vitleysu.

Það er gott að halda sambandi við fortíðina, halda henni vakandi. Sumt á að varðveita. Til dæmis hús. Alveg sérstaklega hús: timburhús sem fávisir menn nefna „hjala byggða af vanefnum“, eins og húsín séu verri fyrir það að hafa verið reist af fátæku fólki. Þar heyrum við nið aldanna eins og lesendur Þórbergs vita. Þar eru örlög skráð í gluggakistur. Þar eru hugsanir í þiljum. Og við eigum að læra gamlan kveðskap til að hafa á hraðbergi við ólíkar kringumstæður og við eigum að lesa gamlar skáldsögur – ekki síst þær gleymdu – því að þar sjáum við inn í hjörtu manna. Gamlar hljómploötur, gamlar ljósmyndir, gömul amboð, gamalt skart – allt hjálpar þetta okkur við að skynja sérleika okkar, gamlar kenndir sem fylgja okkur, gömul uppgjör, gömul augnablik...

Strangar reglur um klæðaburð og orðafar á alþingi er hins vegar ekki til vitnis um heilbrigða íhaldssemi. Til þess að þingmenn geti verið fulltrúar okkar þurfa þeir fyrst og fremst að fá að vera þeir sjálfir. Bindis- og jakkafata-skylda karla á þessum vettvangi, og sá afkárlegi vandræðagangur sem viðhafa þarf hverju sinni sem minnst er á annan þingmann eða ráðherra, er hvort tveggja til þess fallið að gera þetta fólk að fulltrúum einhvers annars en okkar. Hvers veit ég ekki alveg – kannski Kristjáns tíunda? Hvor tveggja reglan hefur í sjálfu sér

Í DAG
KLÆÐABURÐUR
ALÞINGISMANNA

**GUÐMUNDUR
ANDRI
THORSSON**



„á alþingi á að spranga um innan um jakkalakkana og dragtadömunar, fólk á gallabuxum, í flispeysum og lopapeysum, fólk af holdi og blóði, ólitgreint fólk.“



ámóta gildi og væri þingmönnum gert að dansa ævinlega menúett í þingveislum, ganga um með hárkollur og hvítt púður í andliti eða mæla bara á latínu: fyndið og fáránlegt í réttu samhengi en utan þess bara fáránlegt.

Þessar reglur eru jafn óviðeigandi og sjálft orðalagið sem stundum heyrst „Hið háa alþingi“. Allt virðist miða að því að gefa okkur þá tilfinningu að það fólk sé yfir okkur hafið sem situr þarna og kappræðir þjóðmál og ýtir á takka þess á milli til að formsatriðum sé fullnægt um setningu laga sem ýmist koma frá Brussel eða úr ráðuneytum hér.

Það er svo sem eftir öðru í íslenska lýðræðiskerfinu sem býður okkur upp á forsætisráðherra úr stjórnmalaflokki sem 83 prósent þjóðarinnar kusu ekki – flokki sem leitar nú dyrum og dyngjum að inntaki og virðist ætla að enda sem kristilegur hægriflokkur.

Væri allt með felldu þá myndi alþingi endurspegla okkur. Þar á ekki að vera einseleit söfnuður sem talar meira og minna eins. Þar eiga ungu lagasnáparnir úr Sjálfstæðisflokknum að skera sig úr en ekki falla inn í hópinn. Hvers vegna á Steingrímur J. Sigfússon að þurfa að klæða sig eins og Sigurður Kári Kristjánsson? Af hverju má Steingrímur ekki tjá persónuleika sinn og líðan hverju sinni en þarf alltaf fara í búning Sigurðar Kára? Eða Mörður Arnason: hvers vegna þarf hann á hverjum morgni að breyta sér í Halldór Blöndal? Af hverju má hann ekki vera í peysunni sinni?

Þetta er spurning um mannréttindi þessa fólks og tjáningarfrelsi þess. En ekki bara: á alþingi á að spranga um innan um jakkalakkana og dragtadömunar fólk á gallabuxum, í flispeysum og lopapeysum, fólk af holdi og blóði, ólitgreint fólk: hvers eiga til dæmis lopapeysukommar að gjalda? Af hverju fá þeir ekki sína fulltrúa á alþingi eins og tíðkast í Danmörku og Þýskalandi svo dæmi séu tekin?

Þarna á að vera alls konar fólk úr alls konar áttum, ungt, gamalt, innfæddir og útfæddir, hávaxnir og lágvaxnir, rauðhærðir, örvhentir, kiðfættir, rangeygir, fríðir og ófríðir – spjátrungar og sóðar, fatarófur og fatablindir. Þetta eiga að vera verðugir og raunverulegir fulltrúar þjóðarinnar eins og hún er, alþingi á að endurspegla okkur og þessir fulltrúar eiga í kapp-ræðum sínum að endurspegla þá rökræðu sem fer fram í þjóðfélaginu um hvaðeina. ■

Viltu læra að nýta þér internetið betur?

- Lærðu um:
- Grunnatriðin
 - Tölvupóst
 - Upplýsingaleit
 - Leitarvélir
 - Netverstanir
 - Netsíma

Stutt, skemmtilegt og gagnlegt námskeið fyrir byrjendur og alla þá sem vilja nýta sér internetið betur!



Verð: kr. 11.900,-

möguleiki á 50% niðurgreiðslu frá stéttarfélagum

Upplýsingar í síma

netvistun

517-1944

Forsetakosningar í
BNA 2008

**Hillary
eða Condi?**

Margir spá einvígi milli Hillary Clinton og Condoleezza Rice í næstu kosningum.

SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFELAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson ADBÖSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatlahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 9.26	13.42	17.59
AKUREYRI 9.19	13.27	17.36

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 14. febrúar, 45. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	32
Akkurat	18
Ás	26-27
Ásbyrgi	7
Bífröst	5
Draumahús	19-22
Eignakaup	30
Eignalistinn	10
Eignamiðlun	23
Eignastýring	10
Fasteignamarkaðurinn	4
Fasteignamiðlun	6
Fasteignam. Grafarv.	5
Fasteignam. Hafnarfj.	32
Hóll	8-33
Hóll	8-33
Hraunhamar	24-25
Húsaland	28
Húseign	14
Höfði	31
Lyngvík	12-13
Miðborg	17
Nethús	29
Nýtt	9
Remax	8 og 23
Valhöll	15
X-hús	28
Þingholt	16

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 34

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

hús o.fl.

Pöddur lifa í öllum húsum BLS. 2
Veggfóðursvinir nöldra ekki BLS. 3

Sturtuhausar BLS. 3
Hljóðlaus og drepur pöddur BLS. 3

allt - fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Eignin er mjög hlýleg og glæsileg á afar skemmtilegum stað í Vesturbænum.

Hæð og ris á góðum stað í Vesturbænum

Fasteignasalan 101 Reykjavík er með til sölu glæsilega 144,4 fermetra hæð með risi í fallegu timburhúsi að Álargranda 5 á skemmtilegum stað í Vesturbænum. Húsið var allt endurbyggt 1985 og hefur viðhald á því verið gott.

Komið er inn á flísalagða forstofu og þaðan er gengið upp stiga á aðalhæð. Á aðalhæðinni er komið inn á parkettlagðan gang og þaðan inn í mjög bjarta parkettlagða stofu. Á hægri hönd er mjög rúmgott eldhús með hvítlakkaðri eldhúsinnréttingu með flísum á milli efri og neðri skápa og á gólfi, tengt

er fyrir uppþvottavél og góður borðkrókur er í eldhúsinu. Á vinstri hönd frá stofu er baðherbergi með stórum sturtuklefa, með innréttingu við vask og flísum á veggjum og gólfi. Tvö herbergi eru á hæðinni og er annað þeirra notað sem sjónvarpsherbergi. Korkflísar eru á gólfum herbergjanna.

Frá gangi er stigi upp í risið þar sem komið er upp í hol. Á vinstri hönd er flísalögð snyrting, og mjög stórt parkettlagt hjónaherbergi með innbyggðum fataskápum. Á hægri hönd eru tvö parkettlögð svefnherbergi. Eignin er mjög hlýleg og glæsileg á afar skemmtilegum stað í Vesturbænum.

Ásett verð er 34,5 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Gistiheimili Ólafsvíkur gengur í endurnýjun lífdaga um þessar mundir. Öll gömlu herbergin hafa verið brotin niður og þess í stað verða innréttuð „níttján fyrsta flokks íbúðaherbergi, hvert um sig“ tæpir 40 fermetrar að stærð með baði og eldunaraðstöðu. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið í apríl.

Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á vegum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar og hefur það nýverið óskað eftir tilboði í hönnun og byggingu á fjölnota íþróttahúsi við grunnskólann á Reyðarfirði og einnig í 2.



áfangar af endurbyggingu sundlaugarinnar í Neskaupstað.

Menntaskólinn á Egilsstöðum á að stækka á næstu misserum, að því er fram kemur á vefnum www.egilsstadir.is. Nú er unnið af kappi við hönnun á viðbyggingunni sem verður síðan boðin út á næstu vikum. Byggingunni á að vera lokið fyrir 1. ágúst 2006.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Breytingar

Hvort sem þú ætlar að ráðast í breytingar á baðherbergi, stofu, hurðum eða hverju sem er á heimilinu er skynsamlegt að leggja af stað með ákveðna upp-hæð sem á að fara í verk. Annars er hætt á því að þú eyðir of miklu.



Ást er...
...að koma elskunni sinni á óvart
Blóm og íslensk list í tilefni dagsins

HOLTABLÓMIÐ
104 LISTGALLERÍ
LANGHOLTSVEGI 126 - Sími 553 6711

S.Ó. Garðverk

Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN,
TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG
VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

Fissler
pottar og pönnur
- finndu muninn!

búsáhöld

KRINGLUNNI
sími 568 6440

BÍLSKÚRS
OG IÐNAÐARHURÐIR

Hurðir til á lager
Smiðað eftir máli

Eldvarnarhurðir
Öryggis-hurðir

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - Sími 553 4236

Hver vill ekki hafa fallega glugga sem aldrei þarfnast viðhalds?

Hjá PGV ehf Hafnarfirði færðu hágæða viðhaldsfría PVC-u glugga á sambærilegum verðum og glugga sem þarfnast stöðugt viðhalds...

Gluggar framleiddir úr PVC GLUGGAPRÓFÍLUM

...auka gildi og þægindi eignarinnar
Hvorki fúi né ryð engin málningarvinna
frábær hita og hljóðeinangrun
fallegt útlit
margir opnunarmöguleikar
örugg vind og vatnsþétting

mjög hagstætt verð

PGV PLASTGLUGGAVEKSMIDJAN
...gluggi til framtíðar

Bæjarhraun 6 220 Hafnarfjörður sími:564-6080 fax:564-6081 www.pgv.is

Ekkert hús án kvikinda

Erling Ólafsson dýrafræðingur segir pöddur í öllum húsum, jafnt timburhúsum sem steinhúsum. Flestar þeirra séu skaðlausar en veggjatítlur séu líka landlægar og þær éti upp hús smám saman.



Erling heldur hér á varmasmið sem finnst utanhúss í Hveragerði. „Varmasmiður vill hafa hita undir fótum. Hver vill það ekki á þorranum?“ spyr Erling spaugsamur.

„Það er ekkert hús á landinu án kvikinda. Það gildir jafnt sumar og vetur, enda er svipað loftslag innanhúss allt árið. Svo er bara spurning hvernig kvikindi það eru og hvort fólk tekur eftir þeim,“ segir dýrafræðingurinn Erling Ólafsson á Náttúrufræðistofnun. Hann kveðst oft fá fleiri en eina pöddu á dag frá fólki sem þekki þær ekki. „Ég læt fólk vita hvað er á ferðinni og athuga hvort fólk vilji eða geti gert eitthvað gegn pöddunum sjálfst eða ekki. En það er erfitt fyrir mig að gera hernaðarplan án þess að þekja til aðstæðna því hvert hús er tilfelli fyrir sig,“ segir hann. Spurður hvort þær séu meindýr á ferð svarar hann: „Sum eru meindýr og önnur ekki og svo getur það verið túlkunaratriði. Sumar tegundir gera ekkert annað en bíta sálina hjá fólki. Þær verða að teljast meindýr líka. Þeim finnst það að minnsta kosti sem eru bitnir.“

Hann segir alltaf ný kvikindi að berast til landsins, oft með sýktri matvöru, en ekki sé þar með sagt að þau setjist öll hér að. En skyldi vera meira um pöddur í timburhúsum en steinhúsum? „Nei, ekkert frekar. En það getur verið erfiðara við þær að eiga í timburhúsum, vegna holrýmis inni í veggjum,“ svarar hann.

Margir muna eftir veggjatítluhúsinu í Hafnarfirði sem

varð að rífa. Erling segir veggjatítlur vera landlægar hér. Hús líði fyrir þær og þau verði smám saman étin upp. „Fasteignasalar eru orðnir meira meðvitaðir um þetta í seinni tíð og eru á varðbergi þegar gömul timburhús eru annars vegar. Enda verður fólk að spyrjast fyrir og fá fagmannlegan smíð til að skoða ástand viðarins,“

segir Erling. Spurður hvort hann sé með spennandi pöddur í kringum sig á þessari stundu svarar hann: „Ég er alltaf með skemmtilegar pöddur í kringum mig. Annars væri ég ekki í þessu. En þær eru ekki endilega bundnar húsum. Minn hugur er meira í þeirri fínu sem finnst úti í náttúrunni.“

gun@frettabladid.is

GEZE

Sjálfvirkur opunar- og lokunarbúnaður fyrir hurðir og glugga.

JARN&GLER
Skútuvogur 1H, 104 Rvk. S: 5858900
www.jarnkler.is

heilsa o.fl.
Á ÞRÍJUDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

Keramík fyrir alla

Hvað segja ánægðir viðskiptavinir?

Vinnustaðurinn fór í óvissuferð og strákarnir voru himinlifandi. Komdu þegar þér hentar eða bókaðu eigin hóp.

Keramík fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is

GÍTARINN EHF.

www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Er um að taka upp nýja sendingu

Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 27.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.

Þjóðlagagítar frá kr. 14.900

Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi rétt verð kr. 73.900.- tilboðsverð kr 54.900.-

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

SMÁAUGLÝSINGAR FRÁ 995 KR.
[Ef þú pantar á visir.is]

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

Góður vinur á veggnum

Einhleypir Þjóðverjar geta nú slegið á einmanaleikann með því að kaupa veggfóður með myndum af fólki í fullri stærð.

Veggfóðursæðið sem gengur nú yfir ætlar engan endi að taka og hafa tveir sniðugir hönnuðir í Þýskalandi tekið sig til og hannað veggfóður með áprentuðum myndum af fólki í raunverulegri stærð.

Hugsunin er sú að einhleypir geti fengið sér félagá á heimilið án leiðindanna sem fylgir sambúðarfólki. Enginn sem vaskar ekki upp eftir sig, nöldrar eða skilur eftir skítuga sokka á gólfinu. Þessi snilldarhönnun hefur slegið í gegn og vann gullna pálmann í hönnun, eða Deco D'or, fyrir árið 2004 þar sem Phillip Starck var formaður dómnefndar.

Fólkið á veggfóðrinu, sem allt er mjög myndarlegt, á sér nöfn og er hvert þeirra í sérstöku hlutverki. Adrian hlustar á tónlist með manni og Priscilla er til í að djamma á meðan Barbara lætur fara vel um sig í sófanum að lesa rómantíska skáldsögu. Auðvelt er að festa veggfóðrið á vegg og taka aftur niður þannig að hægt er að flytja þessa huggulegu félagá með sér í annað húsnæði. Veggfóðursfélagana skemmtilegu er hægt að skoða betur á vefsíðunni www.single-tapete.de. ■

Það getur verið huggulegt að sitja með góðum veggfóðursvini í stofunni heima.



Hljóðlaust og drepur bakteríur

Síulaust lofthreinsitæki með útfjólubláu ljósi.

Færst hefur í aukana að fólk setji upp lofthreinsitæki á heimilum sínum og er það að einhverjum hluta til vegna aukinnar loftmengunar og ofnæmis. ECC á Skúlagötu er með til sölu lofthreinsitæki sem rykhreinsar, eyðir lykt og drepur bakteríur og hentar vel fyrir öll heimili og fyrirtæki. Tæk-ið gefur frá sér mínushlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, veirum og frjódufti. Einnig er á því bakteríudrepandi útfjólublár lampi sem drepur ýmsa sýka og eyðir lykt eins og til dæmis reykinga- og matarlykt. Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundinnar síu, þannig að ekki þarf að hafa áhyggjur af að skipta um síu. ■



Tækið er hljóðlaust og ákaflega nett.



SVEFN & HEILSA KEMUR STERK INN

Ég er búinn að eiga heilsudýnu frá Svefn og heilsu í 10 ár og hún er eins og ný í dag.

Ég hafði ekki sofið almennilega í 10 ár fyrr en að heilsudýnan frá Svefn og heilsu kom sterk inn.

Veldu það besta!



Rýmum fyrir nýjum 2005 Chiropractic heilsudýnum

Allar eldri gerðir á 25% afsl.

Verðdæmi: Health Care
Queen verð áður kr. 99.900 stgr. nú 74.925 stgr.
King verð áður kr. 129.900 stgr. nú 97.425 stgr.

Gildir meðan birgdir endast.

EITT LANDSINS MESTA ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

Betri verð á stillanlegum rúmum



BIFLEX með IQ-CARE heilsudýnu 80x200 cm. Verð aðeins kr. 94.950 stgr.



Eitt með öllu



Eitt mest selda stillanlega rúm í heimi

IQ-CARE HEILSUDÝNUR



iq-care.com

Leðurhægindastólar

Verð aðeins 59.000.- stgr.



Útsöluhorn




25-70% afsláttur

Af ýmsum vörum.

FERMINGAR- OG SUMARHÚSADÝNUR Á TILBOÐI

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



REYKJAVÍK

AKUREYRI

Svefn & heilsa

Látið sjá ykkur!

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Óðinsgötu 4, sími 570-4500, fax 570-4505. Opið virka daga frá kl. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - http://www.fastmark.is/

Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali.

Unnar Smári Ingimundarson, viðskiptafr. og lögg. fasteignasali

Eldri borgarar



Skúlagata. Glæsileg 102 fm 3ja - 4ra íbúð á 4. hæð í þessu eftirsóttu lyftuhúsi fyrir eldri borgara ásamt sér bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu m. fallettu útsýni út á sundin, sjónvarpshol, þvottaherb., 2 herbergi, bæði með skápum, rúmgott eldhús með góðri borðaðstöðu og baðherbergi. Parket og dúkar á gólfum. Verð 25,9 millj.

Sérbyli



Bollagarðar-Seltj. Sjávarútsýni. Mjög fallett og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum sem skiptist m.a. í rúmgóðar stofur með útsýni til sjávar og fjalla, eldhús, 5 sv. herb. og baðherb. Innbyggður bílskúr. Hiti í innkeyrslu og stéttum. Verð 42,9 millj.



Sporðagrunn. Vel staðsett og vel skipulagt 350 fm einbýlishús á þessum eftirsóttu stað með 53 fm innb. bílskúr. Eignin er tvær hæðir og kj. Á aðalhöð eru forstofa, gesta w.c., rúmgott hol, stofa, borðstofa, eldhús m. eikarinnrétt. og góðri borðaðst. og bú. Uppi eru 4 herb. auk fataherb. og baðherb. Um 50 fm svalir út af hjónaherb. og flisal. suðursv. út af stofu. 3ja herb. séríbúð í kj. auk þvottaherb. og geymslu. Húsið stendur innst í botnlanga með rúmri aðkomu. Falleg ræktuð lóð. Verð 55,9 millj.

Skipasund. Glæsileg 225 fm húseign, tvær hæðir og kj. ásamt 36 fm bílskúr. Eignin skiptist annars vegar í glæsilega 123 fm íbúð á hæðinni og í risi og hins vegar í 66 fm íbúð í kj. Eign sem er mikið endurnýjuð og í góðu ásigkomulagi. Verð 50,0 millj.

Hæðir



Hamrahlíð. Mjög falleg 168 fm efrí sérhæð á tveimur hæðum auk 34 fm bílskúrs í góðu tvíbýlishúsi. Íbúðin skiptist m.a. í stórar samliggjandi stofur, stórt eldhús með góðri borðaðstöðu, 4 - 5 herb. og baðherb. Tvönnar svalir til suðurs og vesturs. Verð 29,0 millj.



Íbúðalánasjóður hefur enn ekki farið í útboð á íbúðabréfum árið 2005, en sem kunnugt er ráðast útlánavextir sjóðsins meðal annars af niðurstöðu slíkra útboða. Áætlun Íbúðalánasjóðs gerir ráð fyrir því að 10 milljarðar verði boðnir út á fyrsta ársfjórðungi.


Íbúðalánasjóður hefur kynnt aukaútdrátt húsbrefa í pappírflökkum, í febrúar að fjárhæð 9,2 milljarðar og að fjárhæð 400 milljónir í mars 2005. Einnig að uppgreiðsluheimild Íbúðalánasjóðs er þann 1. febrúar 2005 um 7,9 milljarðar, þar af eru um 5,7 milljarðar í pappírflökkum og 2,2 milljarðar í rafrænum flokkum. Þá hefur Íbúðalánasjóður ákveðið að nýta sér uppgreiðsluheimild að verðmæti um 3,8 milljarðar í þeim pappírshúsbrefaflokkum sem eru á gjalddaga þann 15. apríl 2005. Við útdráttinn var farin sú leið að draga út húsbref, flokk á móti flokki, á þann veg að dregin eru út húsbref sem svara beint til uppgreiðslna fasteignaveðbrefa sem skiptanleg voru fyrir húsbref úr viðkomandi húsbrefaflokki. Því er samræmi milli uppgreiðslna og útdráttar. Gert er ráð fyrir að aukaútdráttum verði áfram beitt til að jafna sjóðsstreymi Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslna á þennan hátt.

Höfundur er sviðsstjóri þróunar- og almanna-
tengislasviðs Íbúðalánasjóðs

GÓLFEFNIN FÆRÐU HJÁ OKKUR



Filtteppi - margir litir.
Verð frá kr. 295,- m²



Teppi á stigaganga - í miklu úrvali.
Komum og gerum verðtilboð.



ALFABORG
Skútuvoði 6 • Sími 568 6755



Viðskiptahindranir til sölu!

UMRÆÐAN
LANDSSÍMINN



EGGERT SKÚLASON

Verði grunnnetið selt með Símanum er verið að selja hindranir, viðskiptahindranir. Það mun ekki verða friður á fjarskiptamarkaði verði grunnnetið selt með þessum hætti.

Ríkisstjórnin er nú að selja rótgróið einokunarfyrirtæki, Símann. Þetta er öflugt félag sem staðið hefur af sér samkeppni á flestum sviðum. Lykillinn að því að standa af sér samkeppni felst í því að ráða grunnnetinu. Sá sem ræður yfir grunnnetinu getur beitt samkeppnisáðila margvíslegum viðskiptahindrunum. Símann hefur óhikað beitt þeim viðskiptahindrunum sem yfirráð grunnnetsins bjóða upp á. Þetta hefur Póst- og fjarskiptastofnun staðfest.

Og hvernig virka þessar viðskiptahindranir? Búum til lítið dæmi. Fjarskiptafélagið X hringir í sinn viðskiptastjóra hjá Símanum og óskar eftir að kaupa öflugt samband á Stöðvarfirði til að

dreifa þar innanbæjar. Nú líða þrjú mánuðir og Símann svarar ekki. Aftur er hringt og erindið ítrekað. Kurteislega er beðist afsökunar á þessum drætti á málinu, það hafi eitthvað farið úrskeiðis. Starfsmaður Símans lofar að málið verði afgreitt hið fyrsta. Enn líða tveir mánuðir. Hringt er og spurt hvað þessu líði eiginlega. Þau bara skilja þetta ekki. Nú er svari lofað frá Símanum í lok vikunnar. Mánuður líður. Enn er hringt í Símann og nú er svari lofað á eftir. Tölvupóstur berst. Kostnaður á mánuði 467.000 án vsk. Stofngjald riflega ein milljón. Bíddu! Þetta er einhver vitleysa. Ég er að tala um Stöðvarfjörð á Íslandi? Þau lofa að skoða þetta

adeins betur. Þetta er rétt hjá þér. Þetta er eitthvað skritið. Hefurðu talað við heilðsölu Símans? Nei, á ég að gera það? Já.

Talað við heilðsölu. Næst í þá daginn eftir. Nei, þetta er ekki á okkar könnu, þetta er ekki heilðsöluvara, er svarið.

Aftur á byrjunarreit eftir ríflega sex mánaða bið. Hringt í Símann. Er hún við þarna sem ég talaði við um daginn? Nei, hún er komin í aðra deild. Þú verður að tala við nýja viðskiptastjórann. Ha? Það er sá fimmti á tæpu ári. Já, þú verður að tala við hann.

Erindið er því næst borðið upp við nýja viðskiptastjórann. Það tekur hálfan mánuð að fá svar. Niðurstaðan. Verð á mánuði er

langt yfir því sem vænlegt getur talist fyrir utan vsk. Spurt er; getið þið gefið afslátt til Stöðvarfjarðar, þar sem þetta er eina leiðin þeirra. Nú stendur ekki á svari. Nei! Þvílíkt kjaftæði, hugsa ég, en það má ekki stýggja skrimslíð. Hef gert það og fékk að kenna á því.

Símann hefur möguleika á að beita viðskiptahindrunum og hefur gert það og mun gera það. Verði grunnnetið selt með Símanum er verið að selja hindranir, viðskiptahindranir. Það mun ekki verða friður á fjarskiptamarkaði verði grunnnetið selt með þessum hætti.

Höfundur er fyrrverandi framkvæmdastjóri fjarskiptafyrirtækisins eMax ehf.



Man ekki þessa tíma

Guðmundur [Magnússon] mælir [í grein á Vísi] með hæfilegum skammti af „málotta“ til mótvægis [við kjaftaganginn í Þjóðfélaginu]. Á sömu mið reri Davíð Logi Sigurðsson í viðhorfsgrein sem hann skrifaði í Morgunblaðið um daginn. Davíð telur að umræðan sé orðin „röttækari“ en áður. Í þessu birtist greinilega fortíðarþrá – söknuður eftir umræðunni eins og hún var áður fyrr. Líkt og þá hafi hún verið rölegri, dýpri og málefnalegri. Ég verð að segja að ég man ekki þá tíma. Ég held að fleiri og breiðari sjónarmið eigi aðgang að fjölmiðunum nú en áður – fleira og fjölbreyttara fólk. Mikið af „álitsgjöfunum“ sem hafa birst í Silfri Egils síðustu sex árin sáust aldrei tala um þjóðmál í ljósvakamiðlum hér áður – þar voru stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar allsráðandi. Umræðan hefur orðið til muna frjálsegrri og það er betur fylgst með ráðamönnum – þeir fá kröftugra aðhald.

Egill Helgason á visir.is

Halldór og Hannes Hólmsteinn

Þessar hugmyndir [Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra sem fram komu í ræðu á Viðskiptaþingi Verslunarráðsins] eru reyndar ekki nýjar af nálinni og má sem dæmi nefna ritið „Hvernig verður Ísland ríkasta land í heimi?“ sem prófessor Hannes Gissurarson sendi frá sér fyrir fáeinum árum. Þar er sú framtíðarsýn reifuð að með því að gera Ísland að skattaparadís gætu umsvif alþjóðlegra fyrirtækja sem nýta vildu sér slíkt umhverfi hérlendis skilað þjóðarbúinu nægum tekjum til að gera Ísland að ríkasta landi í heimi. Verður ekki annað séð en að formaður Framsóknarflokksins spili stef við músík Hannesar í áður nefndri ræðu.

Haukur Logi Karlsson á timinn.is



Borga meira í Kópavogi

Hafsteinn Karlsson bæjarfulltrúi í Kópavogi skrifar:

Eldri hjón sem búa í 150 fermetra íbúð í tvíþýli í Kópavogi sem er með fasteignamat upp á tæplega 16 milljónir borga miklu hærri gjöld af fasteign sinni í Kópavogi en fólk í sambærilegri stöðu í Reykjavík. Ef sameiginlegar árstekjur þeirra eru undir 2,1 milljón borga þau 83 þús. kr. í fasteignagjöld í Kópavogi en 32 þús. kr. í Reykjavík. Munar þar rúmlega 50 þús. kr. Reyndar borga ellilífeyrisþegar í Kópavogi með þessar tekjur hæstu fasteignagjöldin á öllu höfuðborgarsvæðinu. Væru tekjurnar 2,7 milljónir væru fasteignagjöldin í Kópavogi 20 þús. kr. hærri en í Reykjavík. Kópavogur er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu þar sem afsláttur á fasteignagjöldum til ellilífeyrisþega er ekki tekjutengdur, heldur fóst upphæð algjörlega óháð tekjum fólks. Eins og þessi samburður ber með sér kemur það hart niður á þeim sem lægst tekjur hafa. Framsóknarmenn og Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Kópavogs féllu í þá freistni nú um áramótin að græða á hækkunum á fasteignamarkaðinum og sækja meiri pening í vasa íbúa bæjarins, unga jafnt sem alda. Mörg sveitarfélög hafa lækkað álagningarprósuntuna í ljósi stórhækkaðs fasteignamats til að draga úr álögum á íbúa sína. Kópavogur er ekki í þeim hópi og meirihlutinn felldi tillögu Samfylkingarinnar um lækkun. Nú greiða Kópavogsbúar t.d. 18% hærri fasteignagjöld en Reykvíkingar.

Skrifstofuhúsgögn á frábæru verði!



Flex-T vinnustöðvar (180x180cm)
frá **Kr. 46.270**

Mark 30 skrifstofustólar
Kr. 40.900

Hæðarstilling á baki —

Pumpa til að stilla stuðning við mjóhrygg

Hæðarstillanlegir armar

Hallastilling á baki

Hæðarstilling á setu og baki

Veltustilling á setu og baki

Mjúk hjól —

Sleði til að færa setu fram og aftur

Hægt er að stilla stíffeika setu og baks eftir þyngd notanda

Flex-T er ný lína vinnustöðva sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson hafa hannað. Vinnustöðvarnar eru með þægilegri handvirkri hæðarstillingu, 0-20 cm en fást einnig með rafknúinni, stiglausri hæðarstillingu þannig að ýmist er hægt að sitja eða standa við vinnu. Nú býðst Flex-T á sérstöku kynningartilboði.

Mark er glæsileg lína skrifstofustóla fyrir vinnustaði og heimili. Hönnuður stólanna er Pétur B. Lúthersson. Hægt er að velja um fjölda lita á áklæði. Nú bjóðum við þessa stóla á frábæru verði.

Á. GUÐMUNDSSON ehf.

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum Bæjarlind 8-10 • Sími 510 7300 • www.ag.is



ISRAEL ZANGWILL (1846-1926)
fæddist þennan dag.



„New York er steineyðimörkin mikla.“

Enski rithöfundurinn Zangwill var með fyrstu zionistunum. Hann stofnaði samtök árið 1905 sem kölluðust Jewish Territorialist Organization og höfðu að markmiði að stofna ríki gyðinga á hvaða landrymi sem byðist í heiminum (og ekki endilega þar sem Ísrael er í dag.)

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

James Bulger fannst látinn

Þennan dag árið 1993 fannst látinn við lestareina í Liverpool í Bretlandi tveggja ára gamall drengur að nafni James Bulger, en hans hafði verið leitað í tvo daga. Upptaka úr eftirlitsmyndavél í verslunarmiðstöð í Liverpool sýndi hvar tveir tíu ára gamlir drengir leiddu barnið á milli sín og höfðu á brott. Líkið var hríka-lega illa leikið eftir misþyrmingar drengjanna. Málið vakti mikinn óhug og reiði í Bretlandi og um heim allan. Drengirnir tveir sem unnu voðaverkið, Jon Venables og Robert Thompson, komu frá sundruðum

heimilum og höfðu alist upp hjá mæðrum sínum. Í Bretlandi eru tíu ára börn talin sak hæf ef talið er að þau hafi gert sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og því fór það svo að piltarnir voru í nóvember sama ár fundnir sekir um að hafa numið Bulger á brott og myrt hann. Í júní árið 2001 komst áfrýjunarnefnd að þeirri niðurstöðu að drengirnir væru ekki lengur hættulegir og mælti með lausn þeirra hið fyrsta. Fyrir sama ár hafði verið kveðið upp úr með að nöfnum þeirra skyldi haldið leyndum vegna hættunnar á



FEBRÚAR 1993 Upptaka öryggismyndavéla sýnir hvar Jon Venables leiðir James Bulger.

hefnaradgerðum á hendur þeim, líkamsmeiðingum og jafnvel drápi þeirra.

MERKISATBURÐIR

- 1797** Breski flotinn undir stjórn Johns Jervis og Horatios Nelson sigra Spánverja við Sankti Vincent-höfða.
- 1899** Samþykkt eru lög í Bandaríkjunum sem heimila notkun kosningavéla í alríkis kosningum.
- 1942** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja stofnað.
- 1972** Forseti Alþjóðskáksambandsins tilkynnir að einvígi Boris Spasski og Roberts Fischer um heimsmeistaratitilinn í skák fari fram í Belgrad og Reykjavík.
- 1988** Þrjú yfirmenn í PLO, miðju-samtökum Yassers Arafat, eru myrtir með bílsprengru sem komið hafði verið fyrir í bil þeirra.
- 1990** Farþegaþota Indian Airlines hrapar í lendingu með þeim afleiðingum að 91 farþegi lætur lífið.

ANDLÁT

Kjartan R. Jóhannsson, lést á líknardeild Landspítala, Landakoti, mánudaginn 31. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

María Magnúsdóttir, fyrrverandi ljósmóðir á Sauðárkróki, er látin.

Sigurður Ingvarsson, lést fimmtudaginn 3. febrúar.

JARÐARFARIR

13.00 Guðbjörg Ágústsdóttir, Hrafnistu, Reykjavík, áður Jaðri, Hellissandi, verður jarðsöngin frá Fella- og Hólakirkju.

13.00 Guðbjörg R. Bergsveinsdóttir, Brautarlandi 19, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

13.00 Sveinbjörg Pálína Vigfúsdóttir, frá Flögu í Skaftártungu, Sóltúni 2, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.30 Baldur Sigurðsson, frá Lundarbrökku, Hrafnagilsstræti 24, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.

15.00 Guðmundur Tryggvason, Hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7, áður Miklubraut 60, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju.

15.00 Gyða Guðnadóttir, Bjargi, Stokkseyri, verður jarðsöngin frá Langholtskirkju.

15.00 Minningarathöfn um Sigrúnu Magnúsdóttur Lucchesi, áður á Vesturgötu 7, Reykjavík, verður haldin í Fossvogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

TÍMAMÓT: JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR 65 ÁRA:

Á leiðinni til Íran

„Mér finnst alltaf mjög gaman að eiga afmæli,“ segir Jóhanna Kristjónsdóttir rithöfundur með meiru. Hún er 65 ára í dag.

Í kvöld segist hún ætla að fagna þessum tímamótum í lífi sínu með börnunum sínum, tengdadóttur og þeim af barnabörnunum sem komin eru á þann aldur að þau geta farið á veitingahús. Afmælisbarnið ætlar að bjóða þeim út að borða. Raunar þjófstartaði Jóhanna aðeins í gær. Þá bauð hún yngra „hollinu“ á veitingastaðinn Hard Rock.

„Ég hélt upp á afmælið mitt í fyrra, þegar ég varð 64 ára,“ rifjar Jóhanna upp. „Þá hafði ég ekki haldið upp á afmæli með tilþrifum síðan ég varð fimmtug. Mér fannst svo merkilegt að verða 64, að ég hélt stóra veislu. Í þetta skiptið verður þetta kyrrlát fjölskylduveisla.“

Þessa dagana er Jóhanna upptekin við kennslu hjá Mími, símenntun. Hún er með námskeið um menningarheim Araba. „Þessi námskeið eru afar vel sótt,“ segir hún. „Nú varð að takmarka fjölda þátttakenda, því ég vil ekki að þetta sé einhver 200 manna hópur sem situr úti í sal og fyrirlesarinn tróni á upphækkuðum palli. Nú er fjöldinn takmarkaður við 40. Þá er hægt að leyfa fólki að spyrja strax, þannig að það skapast umræður sem oft geta verið býsna líflegar.“

Á námskeiðunum er farið yfir trúna, stöðu kvenna, söguna, menningarmál og hvaða áhrif stofnun Ísraelsríkis hafði á umrætt svæði. Írak rekur svo lestina. Að auki kennir Jóhanna arabísku hjá Mími tvisvar í viku. Þar tekur hún ekki fleiri en níu nemendur í hvern hóp og þar er hvert sæti skipað.

„Áhuginn hefur aukist mikið.



HARD ROCK Í KRINGLUNNI Jóhanna þjófstartaði afmælisfagnaðinum í gær þegar hún bauð barnabörnunum sínum sem aldur hafa til út að borða á Hard Rock.



JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR Jóhanna hélt veglega upp á 64 ára afmælið sitt í fyrra, en hafði þá ekki haldið daginn hátíðlegan síðan hún varð fimmtug. Í dag ætlar hún að halda kyrrlát fjölskylduveislu.

Sá hópur sem er nú að læra arabísku er að meiri hluta til yngra fólki. Þegar ég byrjaði með þessi námskeið sóttu þau fólki á ýmsum aldri. Þetta hefur breyst. Einn nemandi minn, sem var á tveimur námskeiðum hjá mér, fyrst fyrir byrjendur og síðan í framhaldi, er núna í Egyptalandi að læra meira. Það er svo mikill áhugi á þessum heimshluta.“

Auk þessa sem að framan er talið er Jóhanna mikið fengin á fyrirlestra til þess að tala um ákveðna þætti í Miðaustralöndum. Fólki sem er búð að lesa bókina hennar, Arabíukonur, biður hana oft að koma í heimahús og á fundi til að ræða um bókina.

Á næstu vikum og mánuðum verður hún á faraldsfæti, eins og svo oft áður. En hún segist helst aldrei vera í útlöndum á sumrin. Þá vill hún vera á Fróni.

„Ég fer, ef Guð lofar og vegabréfsáritun fæst, til Íran 20. febr-

úar. Þar ætla ég að skoða mig um og kynnst þessu nútímaríki. Í mars, apríl og maí fer ég utan með þrjú hópá. Sá fyrsti fer til Egyptalands, annar til Sírlands og Líbanons og þriðji til Jemen og Jórdaníu. Þetta er félagskapur fólks sem hefur áhuga á Miðaustralöndum, tekur sig saman og fer þarna undir minni umsjá.“

Jóhanna segist ekki vera byrjuð á nýrri bók. Hún taki sér góðan tíma til að klára hvert verk.

„Það getur vel verið að einhverjar hugmyndir séu byrjaðar að láta á sér kræla, en þeim er þá snarlega ýtt niður í undirmeðvitundina,“ segir hún. „Trúlega er þetta eins og með hjónaskilnað. Ég held að það sé varasamt þegar fólk slítur samvistir að fara strax út í nýtt samband. Best sé að klára dæmið áður en maður fer út í nýtt. Nú er ég bara að klára mínar Arabíukonur.“

js@frettabladid.is

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1811 Domingo F. Sarmiento, forseti Argentínu.

1932 Alexander Kluge, rithöfundur.



1934 Florence Henderson, leikkona.

1944 Carl Bernstein, rannsóknarblaðamaður Washington Post.



1944 Alan Parker, leikari.

1946 Tim Buckley, tónlistarmaður.



1946 Gregory Hines, leikari.

1949 Ewa Aulin, leikkona.



1957 Ken Wahl, leikari.

1960 Meg Tilly, leikkona.



1963 Zach Galligan, leikari.

Tangódans á Reykjanesi

Tangófélag Reykjanes var fyrir skömmu stofnað í Reykjanesbæ, en rúmlega þrjátíu manns úr bæjarfélaginu og nágrannasveitarfélögum sátu stofnfundinn.

Að sögn var mikill hugur í fólki á stofnfundinum, en markmið félagsins er fyrst og fremst sagt vera að kynna, efla og breiða út argentíska tangódans og aðra suðræna menningu í Reykjanesbæ og nágrenni. „Félagið verður samstarfsveitvangur áhugamanna og geta allir áhugasamir um argentíska tangó orðið félagar í Tangófélagi Reykjanes. Stefnt er að því að félagið haldi a.m.k. þrjá dansleiki á hverju starfsári og einnig mun félagið hafa milligöngu um námskeiðahald og dansæfingar,“ segir í tilkynningu og tekið fram að leitað verði eftir samstarfi við önnur félög af sama meidi.

Í stjórn félagsins eru Hjörtur Zakariásson, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Sigurður Óli Hilmarsson og Þorbjörg Garðarsdóttir, en fyrirspurnir um starfsemina má senda á tango@reykjanesbaer.is. ■

AFMÆLI

Böðvar Guðlaugsson kennari og skáld er 83 ára í dag.



Grétar Sigurbergsson geðlæknir er 59 ára í dag.



Tómas Helgason próffessor er 78 ára í dag.



Irma Erlingsdóttir forstöðumaður rannsóknarstofu í kvænnafræðum er 37 ára í dag.



Steinþór Sigurðsson leikmyndahönnuður er 72 ára í dag.



Elva Dögg Melsteð fyrsta ungrú Ísland.is er 26 ára í dag.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Gunnarsdóttir

Ásvegi 9, Breiðdalsvík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 10. febrúar.

Minningarathöfn verður í Árbæjarkirkju þriðjudaginn 15. febrúar kl. 17. Jarðarforin verður auglýst síðar.

Gunnar Ari Guðmundsson, Heiðrún Alda Hansdóttir, Einar Guðmundsson, Björn Guðmundsson, Adalheiður Guðrún Guðmundsdóttir, Friðrik Mar Guðmundsson, Alda Oddsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorlákur Björnsson, barnabörn og barnabarnabörn.

Fagnað í heimkynnum einhyrndra nashyrninga

Skrúðganga með fimmtíu filum skreyttum rauðum og bláum klæðum markaði upphaf hátíðahalda vegna 100 ára afmælis Kaziranga-þjóðgarðsins á Indlandi núna á laugardaginn, en í honum er að finna flesta einhyrnda nashyrninga á einum stað í heiminum. Afmælishátíðin á að standa í viku.

Curzon lávarður, þá landstjóri og staðgengill Bretakonungs á Indlandi, lýsti því yfir árið 1905 að garðurinn skyldi verða verndarsvæði nashyrninga, en eiginkona hans hafði lagt hart að honum að vernda einhyrnda nashyrninginn.

Nærri átta þúsund manns tóku þátt í hátíðarhöldunum á laugar-

dag, þar á meðal sonarsonur Curzons lávarðar, Nicholas Moselley og eiginkona hans Verity. Þátt tóku hópar fólks sem dónsuðu indverska dansa og svo filarnir sem saman mynduðu um tveggja kílómetra langa göngu.

Árið 1905 var einungis á þriðja tug nashyrninga að finna í garðinum, en núna eru þar um 17 hundruð dýr. Þjóðgarðurinn er staðsettur um 240 kílómetra austur af Gauhati, höfuðborg héraðsins.

„Það er engum blöðum um það að fletta að Kaziranga er með mestu dýraverndarafrekum sögunnar. Ekki þýðir samt að slá löku við, nashyrningana verður að



AP/AMNYD/ANUPAM INATH

FÍLASKRÚÐGANGA Í KAZIRANGA Afmælisfagnaður vegna 100 ára afmælis Kaziranga-þjóðgarðsins á Indlandi hófst með mikilfenglegri skrudgöngu skreyttra fila á laugardaginn. Garðurinn sem er um 430 ferkílómetrar að stærð er heimkynni einhyrnda nashyrninga.

vernda, hvað sem það kostar,“ sagði Pradyut Bordoloi, skógarráðherra héraðsins. Fyrr í vikunni

drápu veiðþjófvar nashyrning í garðinum og höfðu á brott horn hans. ■

TÖLVULISTINN

15.4" WIDE SCREEN

1.5 GHz

ACER 4001 WLMi Á VAXTALAUSU TILBOÐI

147.900

VAXTALAUST KRÓNUR 9.860 Í 15 MÁNUÐI

acer

Örgjörvi 1.5 GHz Pentium M Dothan 715 Intel Centrino er með 2MB cache

Vinnsluminni 512MB 333MHz DDR

Harðdiskur Stækkanlegt í 1GB

Skjákerfi 60GB Ultra ATA100

Skjár 4200 RPM hraður og hljóðlátur

DVD Skrifari 64MB Mobility Radeon 9700 Sérhannað fyrir ferðatölvur

Hátalarar 15" WXGA breiðtjaldsskjúr

Netkerfi 1280x800dpi og TV-út tengi

Práðlaus DVD +/- RW geislaskrifari Les og skrifar DVD og CD diska

Stýrikerfi Hljóðkerfi með 2 hátölurum

Tengi Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi 10/100 base netkort Einnig 56K módem innbyggt

54Mbps þráðlaus netkort Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g Windows XP Home Á íslensku eða ensku 3xUSB2, FireWire, TV-út, Parallell, VGA, PCMCIA, ofl.

INTEL CENTRINO Intel Centrino Dothan er með 2MB flytíminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni

DVD +/- SKRIFARI Vandastur DVD +/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geislaskíva

MJÖG HLJÓDLÁT Intel Centrino tækni skilar því að Acer Centrino ferðatölvur er mun lágværari en eldri ferðatölvur

BREIÐTJALDSSKJÁR 15.4" WideScreen WXGA skjúr með 1280x800 dpi upplausn ásamt TV-út tengingu í sjónvarp

ATI RADEON 9700 Mobility Radeon 9700 skjúkort er með sjálfstætt 64MB DDR minni og eitt öflugasta í dag

ALLT AÐ 5 TÍMA Acer fartölvur er aðeins 2.95kg og með Centrino tækni endist rafhlöðan í allt að 5 tíma

Costa del Sol Verð frá **47.066 kr.*** á Santa Clara í 7 nætur. 57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krit Verð frá **49.400 kr.*** á Skala í 7 nætur. 60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal Verð frá **39.500 kr.*** á Elimar í 7 nætur. 54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca Verð frá **38.730 kr.*** 47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm Verð frá **34.230 kr.*** á Halley í 7 nætur. 46.300 kr. ef 2 ferðast saman.


*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókunarafsláttur og flugvallarskattar.

EUROCARD, VISA

plus FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



Sumar Plus 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!

Netverðdæmi

Costa del Sol Verð frá **47.066 kr.*** á Santa Clara í 7 nætur. 57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krit Verð frá **49.400 kr.*** á Skala í 7 nætur. 60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal Verð frá **39.500 kr.*** á Elimar í 7 nætur. 54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca Verð frá **38.730 kr.*** 47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm Verð frá **34.230 kr.*** á Halley í 7 nætur. 46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókunarafsláttur og flugvallarskattar.

EUROCARD, VISA

plus FERÐIR

www.plusferdir.is


Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

VL15 vaxtalaus tilboð eru miðuð við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjöld bætt við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730
Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400

Við óskum...

... kvennaliði Hauka og karlalíði Njarðvíkur hjartanlega til hamingju með sigrana í bikarkeppni KÍ og Lýsingar í gær. Liðin eru bæði afar vel að titlunum komin og eiga hrós skilið fyrir að hafa átt þátt í korfuboltaveislunni sem boðið var upp á í Laugardalshöllinni í gær.



„Ég get fullyrt að þeir eru í mjög góðu formi. Þeir eru nýbúnir að taka mjólkursýrupróf og komu mjög vel út þar.“

Guðmundur Erlendsson, formaður Handknattleiksdómarasambands Íslands, reynir að afsaka frammistöðu dómararsins Gísla Hlyns Jóhannssonar og Hafsteins Ingibergssonar í leik ÍR og ÍBV í fyrradag.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FEBRÚAR

11 12 13 14 15 16 17

Mánudagur

LEIKIR

- 19.15 KÍ og Snæfell mætast á ísafirði í InterSportdeild karla í korfubolta.
19.30 ÍS og KR mætast í Kennaraháskólanum í 1. deild kvenna í korfubolta.

SJÓNVARP

- 15.45 Helgarsportíð á RÚV.
16.10 Ensku mörkin á RÚV.
17.00 Þrumuskot – ensku mörkin á Skjá einum.
18.30 NBA-boltinn á Sýn. Útsending frá leik Miami Heat og San Antonio Spurs í NBA-deildinni í korfubolta.
20.30 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.
22.00 Olíspport á Sýn.
22.35 Enski boltinn á Skjá einum. Útsending frá leik Arsenal og Crystal Palace í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
23.15 Boltinn með Guðna Bergs á Sýn.
23.30 Ensku mörkin á RÚV.
00.15 Þrumuskot – ensku mörkin á Skjá einum.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

MAN. CITY–MAN. UTD 0–2
0–1 Wayne Rooney (68.), 0–2 Richard Dunne, sjálfsm. (75.).

STAÐAN

Table with 11 columns: Team, W, D, L, Goals For, Goals Against, Points. Lists Chelsea, Man. Utd., Arsenal, Everton, Liverpool, Middlesb., Bolton, Charlton, Tottenham, A. Villa, Man. City, Birmingham, Newcastle, Portsmouth, Fulham, Blackburn, C. Palace, Norwich, South, WBA.

Enski bikarinn

SHEFF. UTD–WEST HAM 1–1
1–0 Andy Liddel (8.), 1–1 Teddy Sheringham, vít. (63.).
Sheff. Utd vann, 3–1, í vítaspyrnukeppni.

DHL-deild karla

VÍKINGUR–KA 31–25
Mörk Víkings: Bjarki Sigurðsson 10, Benedikt Ární Jónsson 8, Pröstur Helgason 6, Árni Björn Þórarinnsson 2, Ragnar Hjaltested 2, Andri Berg Haraldsson 2, Pétur Þorláksson 1.
Mörk KA: Halldór Jóhann Sigfússon 8, Jónatan Magnússon 3, Magnús Stefánsson 2, Jónas Guðbrandsson 2, Sævar Árnason 2, Ragnar Njálsson 2, Guðmundur Traustason 2, Andri Snær Stefánsson 1, Nicola Jankovic 1, Bjartur Máni Sigurðsson 1, Hörður Fannar Sigþórsson 1.

STAÐAN

Table with 11 columns: Team, W, D, L, Goals For, Goals Against, Points. Lists KA, HK, Valur, IR, Haukar, IBV, Víkingur, Þór.

Þrjú leikir á fjórum dögum – er það eðlilegt álag?

Dómaraparið Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson áttu dapran dag í Austurbergi á laugardaginn enda að dæma þriðja leikinn á fjórum dögum. Menn spyrja sig hvort það vantar dómara á Íslandi fyrst álagið er slíkt.

HANDBOLTI „Þessir menn dæmdu tvo leiki á tveimur dögum á Akureyri á miðvikudag og fimmtudag og eru síðan mættir hérna í dag. Þetta var þriðji leikur þeirra á fjórum dögum og það sér hver heilvita maður að ekki er hægt að bjóða upp á slíkt. Minir leikmenn myndu aldrei spila þrjá leiki á fjórum dögum og af hverju á ekki það sama að gilda um dómara?“ spurði Erlingur Richardson, þjálfari Eyjamanna, eftir leik ÍR og ÍBV í undanúrslitum SS-bikars karla í handbolta á laugardaginn.

Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, dómarar leiksins í Austurbergi, hafa staðið í ströngu undanfarna daga. Þeir dæmdu leik KA og ÍR í DHL-deild karla á miðvikudaginn, leik Þórs og Vals á fimmtudaginn og síðan leikinn á laugardag. Það er óhætt að segja að frammistaða þeirra félaga hafi ekki verið rós í hnappagat þeirra. Það er mat flestra, nema ef til vill ÍR-inga, að þeir félagar hafi dregið taum heimaliðsins meira en góðu hófi gegnir og einhverjum veginn lá það alltaf í loftinu að þeir myndu á einhverjum tímavæðingum missa stjórna á leiknum. Það varð raunin tólf mínútur fyrir leiklok þegar Roland Eradze trylltist og fékk rauða spjaldið. Í kjölfarið ákváðu stuðningsmenn ÍBV að ganga út úr húsi í mótmælaskyni við dóm-gæsluna en þeir voru búnir að láta fúkyrðaflauminn ganga linnulaust yfir Gísla og Hafstein allan leikinn.

Þrjú bestu pörin dæmdu ekki

Athygli vakti að ekkert af þremur bestu dómarapörum landsins, dæmdu um helgina en Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSI, sagði að það ætti sér eðlilegar skýringar. Hann sagði að Stefán Arnarson væri meiddur á hásin eftir heimsmestaramótið í Túnis og því hefðu hann og Gunnar Viðarsson ekki getað dæmt. Anton Gyli Pálsson og Hlynur Leifsson dæmdu í Evrópukeppninni um helgina og þar sem Guðjón L. Sigurðsson er erlendis gátu hann og Ólafur Haraldsson ekki dæmt.

Einar sagði að forysta HSI væri ekki með niðurröðun dómara á sinni könnu og áréttaði að það væri hlutverk dómaranefndar sambandsins að raða dómurum niður á leiki.

„Ég hef ekki áhyggjur af því að þeir ráði ekki við þetta líkamlega en það getur verið að andlega hliðin hafi verið að klicka.“

Landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson í Haukum:

Í viðræðum við Skjern

HANDBOLTI Vignir Svavarsson, línu- maðurinn sterki hjá Haukum og íslenska landsliðinu, er staddur í Danmörku þessa dagana þar sem hann ræðir við danska liðið Skjern.

Gamli Haukamaðurinn Aron Kristjánsson er aðstoðarþjálfari liðsins en einnig leika miðjumadurinn Ragnar Óskarsson og Jón Jóhannsson með liðinu sem er í fimmta sæti dönsku deildarinnar. Vignir sagði í samtali við



ALLT Á SÚÐUPUNKTI Það gekk mikið á í leik ÍR og ÍBV og hér sést Roland Eradze, markvörður ÍBV, heldur ófrýnilegur á svip. Eradze reifst og skammaðist í dómurinum allan leikinn og endaði með rautt spjald.

Hákon Sigurjónsson, formaður dómaranefndar HSI, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann teldi það ekki of mikið álag fyrir Gísla Hlynur og Hafstein að dæma þrjá leiki á fjórum dögum.

„Auðvitað er slæmt að vera án þriggja bestu paranna um þessa helgi en það verður ekki við það ráðið. Gísli Hlynur og Hafsteinn eru hins vegar reynslumestu dómararnir fyrir utan þessi þrjú pör og því ættu þeir að ráða við þetta verkefni. Ég hef ekki áhyggjur af því að þeir ráði ekki við þetta líkamlega en það getur verið að andlega hliðin hafi verið að klicka. Annars er það þannig að það er skortur á dómurum á Íslandi og þegar svo er þá eru hendur okkar bundnar að ákveðnu leyti.“ sagði Hákon.

Guðmundur Erlendsson, formaður Handknattleiksdómarasambands Íslands, var eftirlitsmaður á leiknum á laugardaginn og hann vildi ekkert tjá sig um frammistöðu þeirra Gísla Hlyns og Hafsteins í leiknum. „Ég get ekki tjáð mig um frammistöðu þeirra en get hins vegar fullyrt að þeir eru í mjög góðu formi. Þeir eru nýbúnir að taka mjólkursýrupróf og komu mjög vel út þar. Ég held að það sé ekki of mikið að dæma þrjá leiki á fjórum dögum því það nægir að horfa til heimsmestaramótsins í Túnis til að sjá að það er ekki óeðlilegt að menn dæmi marga daga í röð.“ sagði Guðmundur og gerir greinilega kröfur til sinna manna.

oskar@frettabladid.is



VIGNIR SVAVARSSON Gæti verið á leiðinni til danska liðsins Skjern.

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Enski framherjinn Michael Owen er orðinn leiður á því að verma varamannabekkin hjá spænska stórlíðinu Real Madrid og segir það ekki vera uppbyggilegt fyrir heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi á næsta ári. Owen hefur áhyggjur af því að sæti hans í byrjunarliði enska landsliðsins sé í hættu ef hann fær ekki að spila meira. Hann hefur verið orðaður við Arsenal í skiptum fyrir Spánverjann Jose Antonio Reyes en það er þó talið ólíklegt því Arsene Wenger vill ekki missa Reyes.



Vanderlei Luxemburgo, þjálfari Real Madrid, telur Owen hins vegar vera lykilmann í liði Real Madrid og lofar því að hann fái að spila meira á næstu vikum. „Það er ekki eins og Ronaldo og Raul muni spila hvern einasta leik.“

Ég er hrifinn af Owen því hann hlustar og stendur sig alltaf vel á æfingum. Hann er mikill karakter,“ sagði Luxemburgo.

Tyrkneski framherjinn Nihat Kahveci, sem leikur með spænska liðinu Real Sociedad gæti verið á leið til rússneska liðsins CSKA Moskvu en samkvæmt rússneskum fjölmiðlum á hann aðeins eftir að komast að samkomulagi við félagið um laun. Nihat, sem hefur skorað tólf mörk í spænsku deildinni á þessu tímabili, hefur hafnað nýjum samningi hjá spænska liðinu en vitað er af áhuga bæði Chelsea og Manchester United. Real Sociedad á í fjárhagsvandræðum og mun félagið vera tilbúið til að selja hann fyrir tæpan milljarð íslenskra króna.

Portúgalska ungstirnið Cristiano Ronaldo er nálægt því að komast að samkomulagi við Manchester United um nýjan samning en hann á enn eftir rúm þrjú ár af núgildandi samningi sínum. „Stjórn United hefur boðið mér að endurnýja samninginn en ég reyni að hugsa ekki um það. Umboðsmaður minn hefur rætt við félagið og ég á von á því að málið verði leyst fljótlega þannig að báðir aðilar séu sáttir,“ sagði Ronaldo.



Franski framherjinn Thierry Henry fsegist vilja enda ferilinn sinn hjá Arsenal. Samningur hans við Arsenal rennur út 2007 en þá verður Henry 29 ára. „Ég myndi vilja vera hér áfram en ég ræð því ekki einn. Ef ég myndi ráða því þá myndi ég klára ferilinn hjá Arsenal. Ef ég hætti að skora mörk þá kemur einhver ungur og sparkar mér burtu. Sagan hefur sýnt það. Arsenal verður alltaf Arsenal, hvort sem ég er þar eða ekki,“ sagði Henry.

Allen Iverson, bakvörður Philadelphia 76ers, var í ham gegn Orlando Magic í NBA-deildinni í korfubolta á laugardagskvöldið. Iverson skoraði sextíu stig í 112-99 sigri Philadelphia en hann hefur aldrei skorað jafn mikið í einum leik á ferlinum. Hann varð jafnframt átjándi leikmaðurinn í sögu NBA-deildarinnar sem skorað sextíu stig eða meira í einum leik. Jim O'Brien, þjálfari Philadelphia 76ers, sagðist aldrei hafa séð aðra eins frammistöðu hjá einum leikmanni. „Þetta var stórkostleg frammistaða hjá einum hæfileikaríkasta, harðasta og hugrakkasta leikmanni sögunnar í NBA-deildinni,“ sagði O'Brien um sinn mann.



ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Stjórn KSÍ var einróma endurkjörin á ársþingi sambandsins á laugardaginn. Sambandið áætlað að skila tæplega 500 þúsund króna hagnaði á þessu ári en fjárhagsáætlun stjórnarinnar var samþykkt á ársþinginu. Þetta þing var í rölegri kantinum og voru engar stórvægilegar tillögur samþykktar. Ákveðið var að skipa millþinga-nefnd sem á að fara yfir gerð og hönnun leikvalla til að þeir séu betur í stakk búinir til að bregðast við hugsanlegri fjölgun liða í efstu deild. **Egbert Magnússon**, formaður KSÍ, var kosinn til veggja ára í fyrra og var því ekki í kjöri.



Íslenska körfuboltalandslíðið skipað leikmönnum sextán ára og yngri, sem vann það frækna afrek að bera sigur úr bytum í B-deild Evrópukeppninnar síðasta sumar á eftirt verkefni fyrir höndum í A-deildinni á þessu ári en dregið var í riðla í Prag í Tékklandi í gær. Íslenska liðið er í riðli með Rússum, Grikkjum og Króötum, þremur af bestu þjóðum álfunnar, og ljóst að **Einar Arni Jóhannsson**, þjálfari liðsins, og lærisveinar hans þurfa að vera í sínu besta formi þegar riðillinn fer fram í Leon á Spáni næsta sumar.



Alexander Petersson skoraði sjö mörk og var markahæsti leikmaður Düsseldorf sem tapaði fyrir Göppingen, 31-23, á heimavelli í þýsku 1. deildinni í handbolta á laugardaginn. **Markús Máni Michaelsson** skoraði þrjú mörk fyrir Düsseldorf en **Jaliesky Garcia** skoraði fjögur mörk fyrir Göppingen. **Gylfi Gylfason** skoraði eitt mark fyrir Wilhelmshavener sem steinlað fyrir Flensburg, 30-18, og **Logi Geirsson** komst ekki á blað hjá Lemgo sem tapaði óvænt fyrir Gummersbach, 33-30.



Torben Winther hefur verið sagt upp störfum sem þjálfari danska karlalandsliðsins í handknattleik en hann hefur stýrt liðinu undanfarnin fimm ár og komið því í hóp bestu liða heims á þeim tíma. Danska liðið náði þriðja sætinu á Evrópumótinu í Svíþjóð árið 2002 og á sama móti í Slóveníu í fyrra undir stjórn **Winthers** en slakur árangur danska liðsins á heimsmeistaramótinu í Túnis þar sem liðinu tókst ekki, frekar en því íslenska, að komast áfram í milliriðla gerði það að verkum að **Winther** var látinn taka poka sinn.



Ólafur Stefánsson skoraði sjö mörk og var markahæstur hjá Ciudad Real sem vann öruggan sigur, 33-22, á Teucro í spænsku 1. deildinni í handbolta á laugardaginn. Króatinn snjalli **Mirza Dzomba** skoraði sex mörk fyrir Ciudad Real sem er í toppsæti spænsku deildarinnar.



Rúnar Kristinsson, Arnar Þór Ríviðarsson og **Arnar Grétarsson** spiluðu allan leikinn fyrir Lokeren sem gerði markalaust jafntefli gegn La Louviere í belgísku 1. deildinni í fótbolta á laugardaginn. **Marel Baldvínsson** kom ekki við sögu hjá Lokeren í leiknum.

Kvennalið ÍS hefur fengið liðsstyrk fyrir lokasprettinn í 1. deild kvenna í körfubolta því liðið hefur fengið til sín bandaríska framherjann Angel Mason sem mun spila með liðinu út tímabilið. Þar með eru öll sex lið deildarinnar komin með bandarískan leikmann. Mason er 23 ára og 173 sm framherji útskrifuð úr Butler-skólanum í fyrravör þar sem hún var meðal annars verðlaunuð fyrir varnarleik en Mason skoraði 8,5 stig og tók 4,6 fráköst að meðaltali á sínum þremur árum í skólanum. Hún er rómaður baráttuhundur og ætti að styrkja lið ÍS mikið.

Manchester United vann grannaslaginn gegn Manchester City í gær og minnkaði forystu Chelsea í níu stig:

Wayne Rooney skildi erkifjendurnar að

FÓTBOLTI Manchester United unnu afar mikilvægan sigur á Manchester City í gær þar sem mark frá Wayne Rooney og sjálfsmark frá Richard Dunne skildu liðin af. Sigurinn heldur Man.Utd í níu stigum frá toppliði Chelsea og halda Alex Ferguson og félagar þar með enn í vonina um að Chelsea fatist flugið.

„Chelsea eru ekki að spila vel en þeir ná samt alltaf sigri og það skiptir öllu máli. Við náðum sigri í dag og það skiptir í raun litlu hvernig við spiludum. Svona ná-grannaslagir eru alltaf eins; mikil barátta og lítið um gott spil og það besta sem liðið getur gert er að sinna skyldu sinni og vinna leikinn. Það gerðum við í dag og því er ég ánægður,“ sagði Ferguson eftir leikinn.

Eftir að hafa verið að spila gríðarlega vel að undanförunu náðu leikmenn Man.Utd sér ekki á strik í gær. Yrri hálfleikur var heldur slakur af hálfu beggja liða en þó voru heimamenn síst lakari aðilinn, með Steve McManaman sem komst næst því að skora. Ferguson hlýtur að hafa lesið vel yfir hausamótunum á sínum mönnum í hálfleik því allt annað

var að sjá til liðsins í þeim síðari. Rooney náði loks að brjóta ísinn þegar rúmar 20 mínútur lifðu leiks þegar hann skoraði með skoti eftir fyrirgjöf Gary Neville sem hafði viðkomu í Dunne. Sjö mínútum síðar varð Dunne fyrir því óláni að skora sjálfsmark og fullkomnaði hann þar með einn sinn daprasta dag á ferlinum. Heimamenn náðu upp töluverðri pressu á síðustu mínútum leiksins en gestirnir voru ekki á þeim buxunum að glutra niður veggja marka forystu og héldu út.

Wayne Rooney var að vonum sáttur með sigurinn en segist enn vera að læra inn á sinn leik. „Það er hörð samkeppni í liðinu og það stýttist í að Ruud van Nistelrooy og Alan Smith snúi til baka eftir meiðsli. Það eina sem ég get gert er að gera mitt besta og vona að ég haldi sæti mínu í liðinu. Ég kys helst að spila sem fremsti maður en ef Ferguson vill nota mig annars staðar á vellinum þá geri ég það með glöðu geði,“ sagði Rooney eftir leikinn.

BETRI EN ENGINN

Wayne Rooney fagnar marki sínu gegn Manchester City í gær.



HYUNDAI
hefur gæðin

Nýr og enn betri Hyundai SANTA FE

» Hyundai Santa Fe
Verð frá kr. 2.690.000



Santa Fe V6 4x4,
173 hestöfl, sjálfskiptur.
Dráttarafl 2300 kg.
Þú eignast hann fyrir kr. 2.930.000
Bilasamningur kr. 39.200 á mánuði*



Með bilinn handa þér

Mánaðargreiðslur miðast við bilasamning Lýsingar til 84 mánaða og 10% útborgun.

Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200. Bill á mynd: Hyundai Santa Fe 2.0 dísel, með 17" álfelgum, og samlitur

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bilasala Akureyrar sími 461 2533 • Bilás Akranesi sími 431 2622 • SG Bilar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

BIKARÚRSLIT KVENNA



69-72



GRINDAVÍK

HAUKAR

GANGUR LEIKSINS

1. leikhluti	Haukar 22-14
2. leikhluti	Haukar 14-13 (27-36)
3. leikhluti	Grindavík 22-16 (49-52)
4. leikhluti	Jafnt 20-20 (69-72)

BESTUR Á VELLINUM

Helena Sverrisdóttir Haukum

TÖLFRÆÐIN

Fráköst (f sókn)	46-42 (19-15)
Tapaðir boltar	21-17
Stoðsendingar	20-17
Víti fengin (%)	11 (91%)-28 (64%)
Villur (sóknarvillur)	24 (1)-17 (2)
3ja stiga körfur (%)	7 (29%)-4 (22%)
Hraðaupphlaupsstig	4-36
Stig eftir sóknarfráköst	12-4
Stig inn í teig	21-12
Stig frá bekknum	6-11

STIG-FRÁKÖST-STOÐSENDINGAR

(FRAMLAG INNAN SVIGA)

GRINDAVÍK

Myriah Spence	33-18-4 (34)
Erla Þorsteinsdóttir	13-7-1 (17)
Erla Reynisdóttir	9-6-5 (12)
Sólveig Gunnlaugsdóttir	8-7-6 (16)
Theódóra Káradóttir	4-0-2 (4)
Svandís Sigurðardóttir	2-5-0 (2)
Ólöf Helga Pálsdóttir	0-3-1 (4)
María Anna Guðmundsdóttir	0-0-1 (-2)
Jóvana Lilja Stefánsdóttir	0-0-0 (-3)

HAUKAR

Helena Sverrisdóttir	22-9-11 (27)
Kristín Sigurjónsdóttir	15-9-1 (20)
Pálína Gunnlaugsdóttir	13-5-2 (10)
Ebony Shaw	11-7-2 (15)
Ósp Jóhannsdóttir	6-0-0 (6)
Ragnheiður Theodórsdóttir	3-3-1 (0)
Svanhvít Skjaldardóttir	2-2-0 (5)
Hanna Hálfðanardóttir	0-8-0 (2)

Erlingur Snær Erlingsson og Eggert Þór Aðalsteinsson dæmdu.

FÖGNUMUR Helena Sverrisdóttir, besti leikmaður Hauka, og Ebony Show sjást hér fallast í faðma eftir að sigurinn gegn Grindavík var í höfn í gær. Show komst fljótlega í villuvandræði í leiknum og þurftu Haukar því að leggja enn meira traust á að Helena stæði sig. Því trausti brást Helena ekki. Fréttablaðið/Stefán



Gríðarleg spenna í úrslitaleik Hauka og Grindavíkur:

Helena fór fyrir Haukum

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir lagði grunninn að sigri Hauka í Grindavík í hádramatískum úrslitaleik kvenna í gær með frábærum alhliða leik. Helena skoraði 22 stig, gaf ellefu stoðsendingar og tók níu fráköst og stóðst pressuna á ögurstundu þegar hún setti niður tvö vítaskot þegar 5 sekúndur voru eftir af leiknum. Grindavík fékk reyndar tækifæri til að jafna leikinn á síðustu sekúndu leiksins en þriggja stiga skot Myriah Spence rétt geigaði.

„Þetta var alltof mikil spenna. Við ætluðum ekki að gera þetta svona rosa jafnt. En þetta sleppur – við unnum,“ sagði Helena skælbrosandi í samtali við Fréttablaðið að leik loknum í gær. „Við vissum það að við erum með langfljótasta liðið í deildinni og við lögðum upp með það að keyra þær niður strax frá byrjun og það skilaði okkur sigri á endanum,“ bætti Helena við.

Leikurinn í gær bauð upp á allt sem þrýða þarf góðan körfubolta-leik, mikinn hraða og baráttu, gríðarlega stemningu á pöllumum og síðast en ekki síst hrikalega spennu. Haukar byrjuðu leikinn miklu betur og pressuðu lið Grindavíkur stíft. Vörn Hauka var gríðarlega öflug í fyrsta leikhluta og skilaði hún liðinu fjölmörg hraðaupphlaup sem títnefnd Helena leiddi oftast nær af stakri sníld. Pálína Gunnlaugsdóttir spilaði mjög öfluga vörn á Erlu Reynisdóttir, leikstjórnanda Grindavíkur, sem olli því að liðið

náði aldrei neinum takti í sóknarleiknum.

Að loknum fyrsta leikhluta var staðan 22-14 Haukum í vil og héldu yfirburðirnir áfram í öðrum leikhluta. Mestur varð munurinn 18 stig, 34-16, þegar 16 mínútur voru búnar af leiknum. Grindavíkurstúlkur vöknðu aðeins til lífsins undir lok fyrri hálfleiks og náðu að minnka muninn í 36-27 áður en flautað var til hálfleiks.

Þegar tvær mínútur voru liðnar af síðari hálfleik fékk Ebony Shaw sína fjórðu villu hjá Haukum og tók Agúst Björgvinsson þjálfari hana skiljanlega af leikvelli. Við það riðlaðist leikur Hauka, Grindvíkingar gengu á lagið og í upphafi fjórða leikhluta höfðu þær jafnað leikinn 52-52.

Eftir það var leikurinn í járnnum allt til enda og var um tíma nánast um einvígi tveggja leikmanna að ræða, þeirra Helenu hjá Haukum og Spence hjá Grindavík. Hlutirnir gerðust hratt á lokamínútunum en sem fyrr segir voru það Haukastúlkur sem höfðu betur á endanum. Auk Helenu átti Pálína fínan leik hjá Haukum og þótt Shaw hafi oft leikið betur skiptir nærvera hennar inni á völlum miklu málið fyrir liðið. Þá má ekki gleyma þætti Krístrínar Sigurjónsdóttur sem skoraði mikilvægar körfur á réttum augnablikum. Hjá Grindavík var Spence yfirburðaleikmaður, skoraði 33 stig og hélt Grindavík inni í leiknum allt til enda nánast upp á sitt einsdæmi. - vig



Flaggskipið - XL-7

Suzuki XL-7 er einstaklega vel búinn 7 manna jeppi, byggður á grind með háu og lágu drifi. Suzuki XL-7 býðst með vali um öfluga bensín- eða dieselvél.

Verð frá 3.050.000

41.065 á mánuði*



Sá klassíski - Grand Vitara

Einn vinsælasti jeppinn á Íslandi til margra ára er nú boðinn með nýrri og glæsilegri innréttingu og auknum búnaði á verði sem á sér enga hliðstæðu.

Verð frá 2.495.000

33.619 á mánuði*



Alvöru smájeppinn - Jimny

Suzuki Jimny er öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður, algjör "sparibaukur"

Verð frá 1.660.000

22.419 á mánuði*

Með drifi á öllum

BIKARÚRSLIT KARLA



64-90



FJÖLNIR

NJARÐVÍK

GANGUR LEIKSINS

1. leikhluti	Fjölknir 22-21
2. leikhluti	Njarðvík 22-17 (59-43)
3. leikhluti	Njarðvík 23-11 (50-66)
4. leikhluti	Njarðvík 24-14 (64-90)

BESTUR Á VELLINUM

Guðmundur Jónsson Njarðvík

TÖLFRÆÐIN

Fráköst (í sókn)	35-46 (12-14)
Tapaðir boltar	18-19
Stoðsendingar	11-23
Víti fengin (%)	29 (66%)-23 (83%)
Villur (sóknarvillur)	22 (2)-24 (4)
3ja stiga körfur (%)	7 (37%)-11 (39%)
Hraðaupphlaupsstig	9-18
Stig eftir sóknarfráköst	4-9
Stig inn í teig	14-20
Stig frá bekknum	10-26

STIG-FRÁKÖST-STOÐSENDINGAR

(FRAMLAG INNAN SVIGA)

FJÖLNIR

Jeb Ivey	23-7-4 (19)
Darrell Flake	16-12-3 (15)
Nemanja Sovic	14-2-0 (11)
Hjalti Vilhjálmsson	3-1-1 (0)
Árni Þór Jónsson	2-0-0 (2)
Árni Ragnarsson	2-0-0 (1)
Brynjar Þór Kristófersson	2-0-1 (1)
Helgi Hrafn Þorláksson	1-1-0 (1)
Magnús Pálsson	1-4-0 (0)
Pálmar Ragnarsson	0-5-1 (1)

NJARÐVÍK

Guðmundur Jónsson	20-4-0 (20)
Matt Sayman	18-9-7 (22)
Anthony Lackey	17-5-0 (20)
Páll Kristinsson	10-4-1 (12)
Fríðrik Stefánsson	9-15-3 (25)
Brenton Birmingham	7-1-6 (6)
Egill Jónsson	7-3-1 (8)
Ólafur Aron Ingvason	2-1-4 (3)
Jóhann Ólafsson	2-1-0 (-1)
Sveinbjörn Skúlason	2-0-0 (1)

Kristinn Óskarsson og Björgvín Rúnarsson dæmdu.

Lok, lok og læs og allt í stáli

Njarðvíkingar spiluðu stórkostlega vörn í síðari hálfleik, lokuðu Fjölknismennina úti og unnu stórsigur, 90-64, í úrslitaleik bikarsins í körfu í Laugardalshöll í gær.

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar tóku Fjölknismenn í kennslustund í varnarleik í Laugardalshöllinni í gær þegar liðin mættust í bikarúrslitaleiknum í karlaflokki í körfu. Njarðvíkingar fóru með sigur af hólmi, 90-64, eftir að hafa haft yfir, 43-39, í hálfleik. Njarðvíkingar tóku besta sóknarlið InterSportdeildarinnar og slökktu á því en Fjölknir hafði minnst skorað 74 stig á tímabilinu fyrir leikinn í gær.

Njarðvíkingar byrjuðu leikinn með látum og skoruðu fyrstu ellefu stig leiksins. Fjölknismenn vöknudu hins vegar til lífsins eftir það og lengi framan af hálfleiknum var jafnræði með liðunum.

Njarðvíkingar voru með fjögurra stiga forystu í hálfleik en í síðari hálfleik tók liðið öll völd á vellinum. Þeir lokuðu vörninni, hittu frábærlega í sókninni og gerðu út um leikinn í þriðja leikhluta. Síðasti leikhlutinn var eingöngu formsatriði og juku Njarðvíkingar forystuna allt til leiksloka.

Guðmundur Jónsson átti frábæran leik í liði Njarðvíkinga og skoraði 20 stig. Hann sagði aðspurður að þetta hefði ekki verið besti leikur hans á ferlinum en góður samt. „Skotin dattu í dag og það var frábært. Við vissum að við þurftum að hafa fyrir því að vinna þetta Fjölknislið og það var frábært að liðið spilaði eins vel í dag og raun ber vitni,“ sagði Guðmundur og bætti við að nú væri einn titill eftir.

Magnús Pálsson, fyrirliði Fjölknis, var daufur í dálkinn eftir



HLAUPIÐ SIGURHRINGINN Halldór Karlsson, fyrirliði Njarðvíkinga, sést hér hlaupa með bikarinn sigurhringinn fræga ásamt Sveinbirni Skúlasyni. Fréttablaðið/Valli

leikinn en þessi nítján ári gamli strákur var, líkt og flestir félagar hans, að spila sinn fyrsta úrslitaleik. „Við stóðum í Njarðvíkingum

í deildinni og það var leiðinlegt að geta ekki endurtekið það. Við áttum aldrei möguleika í leiknum en þetta er frábær reynsla og við

lærðum heilmikið af þessu,“ sagði Magnús sem náði að líta á björtu hliðarnar.

oskar@frettabladid.is

ZUKI



Jepplingurinn – Ignis 4x4

Suzuki Ignis býðst í mörgum útgáfum sem allar eiga það sameiginlegt að vera einstaklega liprir og þægilegir í allri umgengni. Ignis er ríkulega útbúinn að utan sem innan og einstaklega hljóðlátur.

Verð frá 1.580.000

21.345 á mánuði*



Fjölnotabíllinn Wagon R+ 4x4

Sérðu að fara í helgarfrí, þá uppgötvar þú hversu ótrúlega sveigjanlegt og mikið rými er fyrir farþega og farangur. Það er auðvelt að leggja í bílastæði í borginni. Og síðast en ekki síst, þú sest inn í hann ekki ofan í hann. Wagon R er einfaldari lausn í sífellt flóknari heimi.

Verð 1.580.000

21.345 á mánuði*



Fjölskyldubíllinn - Líana 4x4

Liana 4x4 er bíll sem beðið hefur verið eftir, nýtiskulegur, öflugur og rúmgóður fjórhjóladrifinn bíll með einstaklega góða aksturseiginleika. Síðast en ekki síst er Líana 4x4 á verði sem menn hafa aðeins látið sig dreyma um þar til nú.

Verð frá 1.890.000

25.503 á mánuði*

*Bílasamningur. Ljósingur með 10% útborgum og eftirstöðvum í 84 mánuði. 50% erlend mýnt, 50% íslensk mýnt.



SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

VILTU EINTAK?

18//02//05

13. HVER VINNUR?

SENDU SMS SKEYTID BT.MPSE Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru Mercenaries fyrir PS2, aðrir tölvuleikir, DVD myndir og margt fleira.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.

STUÐ MILLI STRÍÐA · Listin að æla spagettí

